



Perla Faxaflóa

Bæja- og húsakönnun á Skipaskaga

Guðmundur L. Hafsteinsson, arkitekt FAÍ



Akraneskaupstaður

Sumt á Akranesi minnir á enskan garðabæ. En þó skortir á, að þorpsbúar hafi prýtt þorpið sem vert væri. Það mætti vera perla Faxaflóa, með hvítum húsum og skrúðgörðum, með bláum sjó á þrjá vegu, en græna akra að baki, og í fjarska víðan fjallahringinn.

Jón Sigurðsson frá Ystafelli, 1933.

Útgefandi:
Akraneskaupstaður.
Akranes 2009.

Texti, kort, uppsetning og myndaval:
Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt FAÍ.

Ljósmyndir:
Gamlar ljósmyndir sjá myndatexta.
Nýjar ljósmyndir ómerktar eru teknar af GLH.

Kortagrunnar og loftmyndir:
Ísgraf.

Húsafriðunarnefnd styrkti útgáfuna með framlagi
úr húsafriðunarsjóði.

Filmuvinna, prentun og bókband:
Prentmet Vesturlands

Bókin er sett með Times New Roman lettri.
Stærð meginmálsleturs er 11 pt.

ISBN

Efnisyfirlit

Formáli	4
Þróun byggðar á Skipaskaga	5
Landslag	5
Byggðin fram til 1885	6
Þróun byggðarinnar eftir 1885	7
Byggingarhefð og húsagerð	19
Torf- og steinbæir	19
Timburhús	21
Steinsteypt hús	26
Sérkenni húsanna	33
Viðhald og breytingar	34
Kort yfir byggingarár húsa	35
Kort yfir byggingarefni húsa	36
Bæjarumhverfi	37
Ríkjandi þættir	37
Byggðamynstur	38
Einstök göturými og áberandi hús	40
Varðveislumat húsa	47
Úttekt og mat á varðveislugildi	47
Varðveisluflokkar	48
Kort yfir varðveislugildi og varðveisluflokka	49
Niðurstöður	54
Tillaga að hverfisvernd, kort	55
Viðaukar	57
Kort yfir varðveislugildi	57
Kort yfir varðveisluflokka	66
Kort yfir byggingarefni	70
Kort yfir byggingartímabil	74
Húsaskrá	80
Götukort	88
Tilvísanir	89
Heimildaskrá	91

Formáli

Bæja- og húsakönnun er sjónlistarleg og byggingarlistarleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa - studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda. Í aðalskipulagi Akraness 2005-2017 er gert ráð fyrir að unnin verði húsakönnun í elsta hluta kaupstaðarins. Ákvörðun um framkvæmd húsakönnunar á Akranesi neðan Stillholts var tekin af bæjarstjórn Akraness 28. nóvember 2006. Húsakönnun er hugsuð sem undanfari deiliskipulags viðkomandi reita þar sem gerð yrði grein fyrir hugsanlegum verndarákvæðum og endurnýjun og uppbyggingu. Markmiðið er að tryggja eins og mögulegt er að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Könnunin tekur til núverandi aðstæðna en einnig er litið til baka til að útskýra þær.

Sveitarstjórnnum hafa verið falin viss völd, ábyrgð og frumkvæði í skipulags- og byggingarlögum hvað varðar vernd þeirra umhverfisgæða sem falist geta innan marka sveitarfélagsins. Gæðin geta verið af margvíslegum toga og m. a. falist í einstökum húsum, mannvirkjum og húsaþyrpingum sem hafa mikið umhverfislegt, menningarsögulegt og/eða byggingarlistarlegt gildi þó svo að ekki sé talið að þær skuli njóta friðunar samkvæmt lögum um húsafriðun.

Niðurstöður könnunarinnar er síðar hægt að nota til að móta stefnu um meðferð byggingar-leyfisumsókna, vernda sérstök gæði byggðar og einstakra húsa og til að móta bæjarumhverfi til framtíðar með ákvæðum í aðal- og deiliskipulagi. Könnunin kemur hvorki í stað annarrar vinnu við að safna sérhæfðum upplýsingum um byggingar-sögu einstakra húsa, né nákvæmrar úttektar á ástandi einstakra húsa.

Bæja- og húsakannanir eru tvíþættar eins og nafnið gefur til kynna, annars vegar er fjallað um bæjarumhverfi og hins vegar um einstök hús.

Við bæja- og húsakönnun er aflað byggingarlistarlegrar þekkingar á bæjarumhverfi og einstökum húsum sem studd er staðfræðilegum og sagnfræðilegum athugunum.

Með niðurstöðum könnunarinnar er hægt að:

- benda á hvaða hverfi, reiti, götummyndir og einstök hús sé rétt að varðveita fyrir framtíðina vegna sérkenna þeirra fyrir sveitarfélagið, t. d. með hverfisvernd í skipulagi,

- benda á hvernig fara eigi með umsóknir um byggingarleyfi,
- benda á leiðir í skipulagsmálum sveitarfélagsins, svo unnt sé að bæta nýbyggingum inn í núverandi byggð þannig að gildi þess sem fyrir er fái notið sín,
- stuðla að þróun byggingarhefðar sem hefur fyrirmynd í þeim gæðum og hefðum sem finnast á staðnum og
- gera skrá yfir hús sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi.

Tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar, nú Skipulags- og umhverfisstofa, hafði umsjón með undirbúningi og vinnu við bæja- og húsakönnun á svæðinu suðvestan Stillholts á Skipaskaga. Bæjarstjórn skipaði samráðsnefnd til að vinna með ráðgjafa að könnuninni. Í nefndina voru skipaðir Bergþór Helgason formaður, Magnús Guðmundsson, Þorvaldur Vestmann Magnússon, Jón Allansson og Magnús Þór Hafsteinsson. Þorgeir Jósefsson tók sæti Magnúsar Þórs í nefndinni 16. september 2008.

Húsafriðunarnefnd veitti veglega styrki úr húsafríðunarsjóði til könnunarinnar og útgáfu hennar og er nefndinni færðar alúðarþakkir fyrir.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson, arkitekt FAÍ var ráðinn til að vinna að könnuninni. Samráðsnefnd fór ásamt ráðgjafa í skoðunarferð um Skipaskaga og hélt tíu fundi, þar af tvo fundi með skipulags- og byggingarnefnd, þar sem ráðgjafi kynnti framgang vinnunnar og einstaka kafla greinargerðar.

Í greinargerðinni sem hér birtist getur að líta niðurstöður bæja- og húsakönnunarinnar sem felast m. a. í tillögum um hverfisvernd einstakra húsa, samstæðna húsa, götummynda og heilda. Auk greinargerðarinnar felst afrakstur könnunarinnar í gagnagrunni þar sem er að finna upplýsingar um hús sem skráð voru í könnuninni. Gagnagrunnurinn mun nýtast vel þegar taka þarf ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða svæðum.

Í niðurstöðum skýrslunnar eru settar fram tillögur um hverfisvernd ákveðinna svæða og er rétt að hvetja til þess að vinnu við endurskoðun deiliskipulagsáætlana á svæðinu verði hraðað.

Bergþór Helgason
formaður samráðsnefndar

Þróun byggðar á Skipaskaga

Landslag


Í lok Tertíer tíma fyrir um 1,8 milljónum ára var virkt gosbelti á milli Borgarfjarðar og Hvalfjarðar. Akrafjall og berglögin á láglandinu umhverfis það eru úr platóbasalti eða bunka af basalhraunum með þunnum millilögum og eru þau ummynduð af jarðhita. Í austanverðu Akrafjalli eru brotalínur og misgengi sem stefna SSV-NNA frá Innra-Hólmi og í átt að Leirá. Austast í fjallinu eru þétt smámisgengi og misgengi er í grennd við Akraneskaupstað og lítill sigdalur austan við hann að því er virðist.

Landmótun á Akranessvæðinu ber merki ísaldarjökla og sjávarflóða í lok ísaldar en allt undirlendi upp að 70 m hæð var þá undir sjó. Víðáttumiklir strandhjallar eru nálægt efstu sjávarmörkum en láglandið huldu þykk sjávarset þegar sjávarborðið lækkaði aftur. Ummyndaður bergrunnurinn er þéttur og úrkoma rennur burt á yfirborði. Akranes teygist í suðvestur frá Akrafjalli og út frá því Skipaskagi í sjó fram en blindsker eru út af Skaganum.¹

Skipaskagi er tiltölulega flatur og um 10-12 m hár. Landi hallar tiltölulega jafn til norðvesturs að ströndinni við Krókalón en að suðaustanverðu er landið bratt niður að Krossvík. Þar er hæðarmunurinn að mestu leyti inni á lóð Sementsverksmiðjunnar, á milli Suðurgötu og Akursbrautar og loks á milli Háteigs og Hafnarbrautar og Bárugötu. Yst á Skaganum, á Þörtum og Breiðinni, við Lambhúsund og á Grenjum, er lágrent og hætta á sjávarflóðum. Sjóvarnargarðar eru meðfram stórum hluta strandlengjunnar.²

Byggðin á Skipaskaga hefur þróast eftir landslagi og staðháttum. Íbúðarhús voru reist nærri ströndinni en í hæfilegri hæð yfir sjávarmáli og hugsanlegum sjávarflóðum. Það átti þó ekki við um öll svæði eins og flóð á Breiðinni eru til vitnis um. Skagamenn ýttu fleytum sínum frá landi þar sem aðstæður leyfðu á Skipaskaga en aðgengi að og ásýnd strandlengjunnar hefur breyst mikið með byggingu sjóvarnargarða og með uppfyllingum.

Skipta má byggðinni á Skipaskaga gróflega í tvö svæði eftir staðsetningu og landnotkun. Meðfram ströndinni, þar sem land er lægst yfir sjávarmáli eru atvinnusvæði; hafnarsvæði, fiskvinnslufyrirtæki og iðnaður. En þegar hærra kemur og fjær ströndinni eru íbúðarsvæði og þjónustu- og miðbæjarstarfsemi. Bæja- og húsakönnunin tekur til þessara svæða.



Skipaskagi er tiltölulega lágur og flatur.




Sjósetning undirbúin við Krókalón. Ljós. Ólafur Arnason. Ljósmyndasafn Akraness.



Halakotssandur og fjær Ívarshúsaklettur þar sem Sementsverksmiðjan var reist. Ljós. Ólafur Arnason. Ljósmyndasafn Akraness.

Byggðin fram til 1885



Byggðin undir Akrafjalli 1781 skiptist á milli Garða- og Innra-Hólmssókna. Skaginn var sérstök bújörð sem byggð var mörgum tómthúsum. Þjóðskjalasafn Íslands.B.I.13 Teikningasafn.

Saga byggðar á Akranesi er samfelld allt frá landnámi. Írar námu þar land og Landnáma getur tveggja bræðra sem námu Akranes. Þormóður Bresason nam land sunnan Akrafjalls en Ketill bróðir hans norðan fjallsins. Hröktu þeir á brott þá sem fyrir voru í landnáminu. Þormóður reisti bú á Innra-Hólmi en Ketill líkast til á Ytra-Hólmi. Jörundur hinn kristni sonur Ketils reisti sér bú í Jörundarholti þar sem síðar heitir í Görðum.³

Fremsti hluti Akraness, Skagi, var frá fornu fari ein bújörð og átti landamerki að Görðum. Á miðöldum fóru hjáleigur og tómthús að byggjast út úr jörðinni og nafn heimajarðarinnar Skagi breyttist í Heimaskagi. Umtalsverð útgerð er þá rekin á Akranesi enda stutt á fengsæl fiskimið á Faxaflóa og síld gekk inn í Hvalfjörð og var veidd þar.

Brynjólfur Sveinsson biskup í Skálholti keypti um helming jarða á Skaga um 1650 og þaðan rak biskupsstóllinn mikla útgerð. Töluverð uppbygging fylgdi í kjölfarið og fleiri fóru að stunda veiðar frá Skipaskaga, sem svo var farið að kalla. Þar myndaðist sjávarþorp og erlend kaupför hófu siglingar á Krossvík. Um 1685 fór að draga úr fiskgengd, og útgerð dróst saman og fólk fluttist á brott. Byggð hélst þó í tómthúsum og áfram var sjórinn sóttur frá Skipaskaga.

Árið 1706 voru gerð út frá Skipaskaga 30-40 fjór- og sexróin skip og á þriðja tug báta. Gefur það

nokkra vísbendingu um hversu mörgum förum hafi verið haldið þaðan til veiða þegar mest var á tíma Brynjólfs biskups. Þetta sama ár voru 12 býli á Skipaskaga, tómthús og verbúðir 32 en 24 þeirra voru í notkun og íbúar á Skipaskaga voru 86 en 426 í hinum forna Akraneshreppi öllum árið 1703.⁴

Verulegt áfall reið yfir Skagamenn 9. janúar 1799 í Básendaflóðinu en þá tók af byggð á Breiðinni. Hörmulegir og tíðir mannskaðar til sjós tók sinn toll nánast á hverju ári. Íbúar á Skipaskaga voru 114 árið 1829 en upp úr því tók hagur Skagamanna að vænkast og þeir voru orðnir 183 um 1840. Sigurður Lyngé hóf kartöflurækt á Skipaskaga 1843 og varð hún brátt algeng og umfangsmikil og Akraneskartöflur urðu eftirsótt söluvara þegar fram liðu stundir og bjargræði margra þegar sjávarafli brást. Lambhúsasund fékk löggildinu sem verslunarstaður 1864 en þá var talið að þar væri betri hafnarastaða en í Krossvík. Akraneshreppi var skipt árið 1885 í Innri-Akraneshrepp, þar sem einkum var stundaður landbúnaður, og í Ytri-Akraneshrepp sem náði yfir Skipaskaga.⁵

Undir lok 19. aldar eflidist útgerð og verslun á Akranesi og renndi traustum stöðum undir atvinnulíf og uppbyggingu bæjarins.

Þróun byggðarinnar eftir 1885



Akranes árið 1908. Lega helstu gatna, Kirkjubrautar, Suðurgötu, Skólabrautar, Vesturgötu, Bárugötu og Skagabrautar, er orðin föst í sessi. Hús standa á við og dreif á stórum lóðum næst götunum og á milli þeirra eru tún. Mæling danskra herforingjaráðsins gerð af A. Andersen. Landmælingar Íslands.

Skipaskagi um 1880

Kristleifur Þorsteinsson á Stóra-Kroppi lýsti Skipaskaga um 1880 með svofelldum orðum árið 1937 í grein sinni Skipaskagi fyrir 60 árum:

„Sá hluti Akraness, sem nefndur hefur verið Skipaskagi, er sendinn tangi, sem gengur í sjó fram, og er opið haf á báðar hendur. Landið er næstum rennislétt og hallalaust. Er þar naumast einn blettur öðrum hærri, að talist geti. Bæði að vestan og norðan eru skerjaklasar, og skella þar yfir fossandi haföldur, þegar ókyrrð er í sjó. Það hefur því fylgt Skipaskaga frá fyrstu tíð, að þeir, sem stunda þar sjó, hafa mátt glíma við brim og boða, og hefur þá oltið á ýmsu með úrslitin.

Hættulegasta landing þótti Krókasund. Er það norðan megin við Skagann. [...]

Fremsti oddi Skagans heitir Flös [Suður-, Vestur- og Norður-Flös]. Er þar blindsker og grynningar, og þar er brimlöðrið háreist og völdugt í vestan ofviðrum. Við Flösina hafa orðið mörg slys. Í Lambhúsasundi, sem er norðan megin Flasarinnar, hefur alla tíð verið landing og uppsátur. Sunnan megin á Skaganum voru margir landingarstaðir og uppsátur, og þótti sjómönnum betri aðkoma þeim megin. Er varir þar með ýmsum nöfnum, svo sem Steinsvör, Teigavör, Skarfavör o.fl.

Frá náttúrunnar hendi er allur Skaginn veltiþurr

og sléttur. Var þar því aldrei mikil for, þótt ekki væru þar aðrar götur en þær, sem mynduðust af fótatraðki hesta og manna. Bæirnir stóðu reglulaust á við og dreif um allan Skagann, og hafði hver bóndi byggt eftir sínu höfði og sinni getu. Mótaði því hvergi fyrir neinu formi né skipulagi með byggingar og götur. Bæirnir voru allir úr torfi og grjóti fram yfir 1870 og flestir af miklum vanefnum gerðir, aðeins nokkrir portbyggðir, en flestir á þrepi og ekkert sundurþiljaðir. Í grennd við bæina voru matjurtagarðar, flestir litlir og girtir ýmist með torfi eða grjóti. Það voru túnblettirnir líka. Timburhjallar voru hjá eða í nánd við hvert býli útvegsbænda og í sambandi við þá trönur og grindur til þess að hengja á og herða eitt og annað, er viðkom sjófangi. Þessir hjallar voru þá langreisulegustu húsin og margir þeirra með geymsluloftum.⁶

Hallgrímur Jónsson (1826-1906) hreppstjóri á Akranesi flutti erindi 13. janúar 1889 í barnaskólanum sem hann nefndi *Lífið í Skaganum síðastliðin 100 ár*. Í lok þess gerir hann m.a.:

„Vér þurfum að fá góðar og fallegar götur um Skagann svo okkur og öðrum sé hægt að komast áfram um hann og gestirnir sjái að hér búi menn, sem kunni að meta fegurð og gagn af góðum vegi.

Vér þurfum að fá mældan Skagann og puntaðan uppdrátt af honum, svo aðrir geti séð í anda útlit hans og stærð og eftirtíðin geti séð hvernig hann er nú.⁷

Mælingaupprættir 1901 og 1908

Segja má að Hallgrími hreppstjóra hafi orðið að ósk sinni því að Ólafur Jónsson mældi byggðina á Skipaskaga um aldamótin 1900 en Knud Zimsen verkfræðingur gerði uppdráttinn sem dagsettur er 1. janúar 1901.⁸

Nokkru síðar eða 1908 gerði A. Andersen nýjan



Akranes um 1905. Húsin standa dreifð á stórum lóðum og tún á milli og hver spilda girt af. Ljósmynd. Árni Böðvarsson. Ljósmyndasafn Akraness.

uppdrátt á vegum danska herforingjaráðsins í mkv. 1:10 000.⁹ Guðmundur Hannesson prófessor skrifaði um miðjan annan áratug aldarinnar að Akranes væri allstór bær en skipulagslíttill, götur tæpir 4 m á breidd, gangstéttar engar og húsareitir að mestu óafmarkaðir.¹⁰ Um þær mundir voru 120 timburhús á Akranesi, 4 steinhús og 19 torfbæir eða samtals 143 hús.¹¹ Um aldamótin voru íbúar 707, árið 1910 voru þeir taldir 808 en áratug síðar voru íbúar 928.¹²

Staðfestur aðalskipulagsuppdráttur 1927


Á fyrsta ríkisráðsfundi sem haldinn var á Íslandi 27. júní 1921 voru fyrstu skipulagslögin samþykkt. Er það augljós vitnisburður um mikilvægi skipulagsmála um þær mundir sem Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Skipulagsnefnd ríkisins var skipuð fyrsta sinni 17. október 1921 þeim Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins, Guðmundi Hannessyni prófessor og Geir G. Zoëga vegamálastjóra. Skipulagsnefndin fékk Ólaf Þorsteinsson verkfræðing til að gera nýjan mælingaupprátt af Akranesi 1922 en Halldór Pálsson verkfræðingur lauk þeirri vinnu 1924. Um það leyti sem skipulagið var unnið voru á Akranesi 321 hús og þar af voru torfhús 63, timburhús 201 og steinsteypt hús 57.¹³

Skipulagsstillaga fyrir Akranes sá dagsins ljós um mitt sumar 1925 og var bærinn meðal fyrstu þéttbýlisstaða sem Skipulagsnefnd ríkisins hafði forgöngu um að láta undirbúa skipulagsvinnu fyrir. Í skipulagslýsingu sem fylgdi uppdrættinum segir m.a.:

„Akranes hefur byggst með þeim einkennilega hætti, að byggðin er tiltölulega dreifð og stórir garðar og túnblettir milli húsa. Hefir þetta þótt hentugt vegna mikillar garðræktar, sem líklegt er að haldist við. Vér höfum að miklu leyti haldið þessu skipulagi, og gert víða ráð fyrir stórum húsagörðum, sem notaðir eru til kartöfluræktar líkt og verið hefir. Þó höfum vér einnig gert ráð fyrir því, að kartöflugarðar minnki smám saman, er fólki fjölgar og byggðin vex og sýnt á uppdrættinum, hversu götur skal leggja yfir stærstu garðana, þegar þeir verða teknir til bygginga.

Í öðru lagi skal það tekið fram, að byggð var orðin svo mikil í kaupúninu, þegar uppkast var gert að uppdrætti, og langar götur lagðar, að ekki þótti fært að breyta skipulagi byggðarinnar til mikilla muna. Þetta gerir uppdráttinn lakari í sumum atriðum en annars hefði orðið, en við því var ekki gert nema með miklum kostnaði.

Í þriðja lagi viljum vér geta þess, að fyrir oss hefir vakað, að miðhluti bæjarins, sem telja má spilduna suðvestan Skólastrætis, yrði sem fyrst þéttbyggður, svo bænum sparadist fé við götu- og



Staðfestingarskipulagsuppráttur fyrir Akranes 1927. Skipulagsstofnun.

ræsagerð. Í útjöðrunum yrðu þá gardarnir stærri. Ef þetta á að geta lánast, þá þurfa bæði að fást lóðir á þessu svæði og með aðgengilegu verði, en nú munu þær vera svo dýrar, að menn sækjast mest eftir að byggja í útjöðrum bæjarins austan til, þar sem kirkjan leigir land með góðum kjörum. Þessi mikla útfærsla bæjarins austur á við hlýtur að gera mikla erfíðleika, þegar leggja skal götur, veita vatni, skólpi o.fl., þó hún hafi aftur þann kost, að menn geta fengið stærri garðstæði.

Í fjórða lagi viljum vér geta þess, að vér höfum gert ráð fyrir því, að aðalbryggjan yrði annað hvort í Steinsvör eða við Lambhúsasund, þar sem nýja bryggjan er gerð. Eru flutningar greiðir frá báðum þessum stöðum og milli þeirra og nægilegt pláss fyrir útgerðarhús.

Aðalfiskireitina höfum vér hugsað oss sem næst þessum stöðum, en vera má, að þeir séu helzt til litlir, ef útgerðin vex mikið.¹⁴

Um hugmyndir sínar um hæð húsa, opin svæði, opinberar byggingar o.fl. skrifuðu nefndarmenn:

„Fyrir húsum eða húsaþópum er markað með ferhyrningum, sem sýna húsaþarnar, hvar framhlið húsa skal vera og hve langt má byggja inn í garðinn. Hús mega því vera mjórri en uppdráttur

sýnir og lengri eða styttri eftir því sem hentar í hvert skipti. Það hefir vakað fyrir oss, að sem flestir byggðu hús sín í smáhópum, 2-5 saman. Er þetta mun ódýrara en að byggja hvert smáhýsi fyrir sig og auk þess hlýrra. Þá líta og húsin miklu myndarlegar út, er fleiri renna saman, og götu- og lóðasparnaður er það mikill að losna við húsa-sundin milli margra húsa. Hins vegar er það oftast sjálfsagt, að hver íbúð hafi sínar útidyr og sé að öllu greind frá hinum. Nauðsynlegt er það og að gera uppdrátt af öllum húsaþópnum í einu og sjá um, að hann fái snotran heildarsvip, þó að eitt hús sé byggt í senn. [...]

Æskilegt er það, að allir húsaþóparnir við hvern götuhluta sem sést vel í senn, hafi líkan svip, t.d. að ekki skiptist á hús með flötum þökum og háreist.

Margt fleira kemur til greina, sem bærstjórn eða byggingarnefnd verða að skera úr í hvert sinn, en um þær húsaþar, sem mestu skipta fyrir útlit bæjarins t.d. við kirkjutorg og bærjavöll teljum vér sjálfsagt að leita ráða húsameistara og byggja ekki það, sem hann telur óhæft á þessum stöðum.¹⁵

Skipulagsupprátturinn fékk staðfestingu Stjórnarráðsins 22. desember 1927. Ári seinna var staðfest byggingarsamþykkt fyrir Akranes nr. 45/1928.¹⁶

Það er margt kunnuglegt á skipulagsuppdrættinum þegar aðstæður á Skipaskaga eru skoðaðar í dag. Göturnar sem sýndar eru á kortinu frá 1908 eru einnig á skipulagsuppdrættinum auk nýrra gatna, t.d. Mánabraut og Túnin, sem lagðar hafa verið en aðrar, t.d. Hringbraut austast í bænum, urðu ekki að veruleika. Vert er að huga að göturýmum sem skipulagsnefndin mótaði með skipulaginu. Við Kirkjubraut er sýnt torg þar sem í dag eru bílastæði við apótekið og Arnardal, Akratorg er á sínum stað, við Suðurgötu er torg þar sem nú eru bílastæði á bak við Landsbankahúsið, og skammt þar frá var gert ráð fyrir nýrri kirkju á kirkjutorgi suðaustur af Melteig, þar sem nú er tún, og minningarmark er sýnt á Akurshóli. Við Vesturgötu hefur skipulagsnefndin séð fyrir sér áhugavert göturými og gerði ráð fyrir því að húsasamstæður stæðu til skiptis úti við götu og inni á lóð. Þetta fyrirkomulag er ennþá við lýði og ljáir Vesturgötu sérstakan þokka og tilbreytni með misbreyttu göturými.

Hafnargerð, breikkun gatna og opinberar byggingar

Ekki leið að löngu áður en Skagamenn höfðu ráðist í hafnargerð sunnan á Skaganum austan Heimas-kaga sem kallaði á breytingu á skipulaginu. Var gerður uppdráttur af svæðinu 1931 og samin skipulagslýsing þar sem m.a. var gerð grein fyrir uppfyllingu fyrir athafnasvæði, útvegshúsum fyrir 30-40 vélbáta og vegagerð. Um Akurshól upp af höfninni skrifaði Skipulagsnefndin:

„Svæðið á hólnum ofan hafnarinnar mætti að sjálfsögðu jafna og jafnvel nota hólinn í uppfyllingu. Oss virðist þetta þó varhugavert. Hólinn ber hæst af öllu nesinu, og útsýni þar ágætt, svo hann gæti orðið bæjarprýði, ef honum væri sómi sýndur. Mætti þar reisa minnismerki, útsýnisturn eða þvílíkt. Vér höfum því látið svæði þetta halda sér, enda er það miður vel fallið til bygginga, sérstaklega brekka mikil að sunnan.“¹⁷

Jón Sigurðsson lýsti Akranesi á þessum tíma í bókinni *Land og lýður* með eftirfarandi orðum:

„Kauptúnið stendur á lágum, flötum odda. Frá Reykjavík hillir upp húsin, sem virðast rísa úr hafinu, því að láglendið í kring er hulið búngu sjávarins. Kauptúnið á Akranesi er ekki ásjáleg um vetur. Húsin eru smá og lág og hafa verið skreytt „skúrum“ og útskotum. Þau eru dreifð og sandgarðar í kring. En með vorinu skiptir bærinn um svip. Allt á milli húsanna, og láglendið langt út frá þorpinu grær þá garðjurtum, og ber þá þorpið betur nafn með rentu en flest önnur. [...] Sumt á Akranesi minnir á enskan garðabæ. En þó skortir á, að þorpsbúar hafi prýtt þorpið sem vert væri. Það mætti vera perla Faxaflóa, með hvítum húsum og



Vesturgata var mjó, vart meira en ein akrein, og afgirtir forgarðar á milli húsa og götu. Ljós. Árni Böðvarsson. Ljósmyndasafn Akraness.

skruðgörðum, með bláum sjó á þrjá vegu, en græna akra að baki, og í fjarska víðan fjallahringinn.“¹⁸

Enn var gerð breyting á skipulagi hafnarsvæðisins 1937 en þá samþykkti Skipulagsnefnd kauptúna að leyfa byggingu síldarverksmiðju rétt ofan og austan nýju bryggjunnar. Skipulagsnefndin taldi þó betra ef verksmiðjunni yrði valinn staður fjarri miðbiki bæjarins en lét undan þrýstingi heimamanna. Árið 1930 voru íbúar á Akranesi 1270 og fjölgaði í 1707 árið 1937.¹⁹ Með fjölgun bæjarbúa og aukinni umferð um götur bæjarins þóttu götur heldur þröngar. Óskaði hreppsnefnd eftir því við Skipulagsnefnd 1941 að breidd akbrauta milli gangstétta Ránargötu [Hafnarbraut], Bárugötu, Vesturgötu að Skírnisgötu [Skólabraut], Skírnisgötu, Óðinsgötu [Kirkjubraut] að Sleipnisvegi [Skagabraut], Sleipnisvegur og Suðurgötu yrði ákveðin 8 metrar. Svo þetta gæti gengið eftir varð hreppsnefnd að skuldbinda sig til þess að kaupa eftir mati lóðir undir gangstéttir þar sem flestar lóðir á Akranesi voru í einkaeigu.²⁰




Síldarversmiðjan þótti standa nærri byggðinni en Skipulagsnefnd lét undan þrýstingi heimamanna um staðsetningu verksmiðjunnar. Ljós. Ópekkur. Ljósmyndasafn Akraness.

Skipulagsnefndin samþykkti þessa breytingatillögu svo og að girðingar um lóðir húsa sunnan megin götu yrðu ákveðnar í húsalínu en norðan megin götu yrðu forgarðar eftir því sem hægt væri.²¹


Í september 1942 var gerð tillaga að breytingu á skipulagi í nágrenni Skírnisgötu [Skólabrautar] og sýnir uppdrátturinn staðsetningu fyrirhugaðs barnaskóla þar sem nú er Akratorg og gagnfræðaskóla og sundlaug við Suðurgötu.²² Tveimur mánuðum síðar sendi Skipulagsnefndin bæjarstjóra skipulagsuppdrátt hafnarinnar sem einkum tók til vegagerðar og sýndi m.a. nýja götu sunnan Suðurgötu, Akursbraut.²³ Bæjarstjórn var ekki allskostar ánægð með staðarval gagnfræðaskóla og lagði til að honum yrði valinn staður ofar í bænum á svæði sem enn var óskipulagt. Einnig var lagt til að íþróttahúsi og samkomuhúsi yrði komið fyrir við Freyjugötu [Laugarbraut] nærri Bjarnalaug.²⁴

Skipulagsuppdrættir 1945

20. apríl 1945 staðfesti ráðherra atvinnu- og samgöngumála breytingar og viðauka við skipulagsuppdráttinn frá 1927 sem tók til svæðis milli Sleipnisvegur, nú Skagabrautar, og Jaðarsbrautar.²⁵ Gert var ráð fyrir því að húsin við Sandabraut stæðu upp af skarði á milli húsanna við Jaðarsbraut



Horft yfir Háholt, Skagabraut og Jaðarsbraut t.h. Ljós. Þorsteinn Jósefsson, um 1958. Skipulagsstofnun.



Staðfest skipulag frá 1945 fyrir svæðið milli Jaðarsbrautar og Skagabrautar. Skipulagsstofnun.

og þannig gætu íbúar við Sandabraut einnig notið útsýnis út yfir Krossvík og Faxaflóa.


Í júní var kynnt tillaga að staðsetningu sjúkrahúss og því valinn staður og byggt nærri gatnamótum Kirkjubrautar, Merkigerðis og Heiðarbrautar.²⁶ Sama ár var lögð fram tillaga að nýju aðalskipulagi Akraness með hugmyndum um nýjar götur, stækkun byggðarinnar til austurs og staðsetningu kirkju á kirkjutorgi á gatnamótum Skagabrautar og Kirkjubrautar. Nokkurrar óánægju viðist hafa gætt meðal þeirra sem töldu sig eiga hagsmuna að gæta vegna staðarvals fyrir nýju kirkjuna og lagningu nýrra gatna. Töldu sumir skipulagstillöguna spilla byggingarmöguleikum



Aðalskipulagstillaga Akraness 1945, hluti. Kirkjutorg lokar Kirkjubraut til norðausturs, vestan við fyrirhugaða kirkju er sjúkrahúsið og barnaskólinn norðvestan við hana. Skipulagsstofnun.

sínum og lögðust margir lóðareigendur gegn henni eða gerðu athugasemdir við hana.²⁷ Náði tillaga þessi ekki fram að ganga og næstu árin var unnið að ýmsum breytingum og viðbótum við staðfesta skipulagsuppdráttinn frá 1927 og ýmsar hugmyndir komu fram um skipulagsmál á Akranesi.

Má í því sambandi nefna tillögu Sveinbjarnar Oddssonar um að væntanlegu ráðhúsi bæjarins ásamt sparisjóði Akraness, yrði valinn staður við Akratorg. Hörður Bjarnason skipulagsstjóri tók vel í þessa breytingatillögu enda hafði verið gert ráð fyrir því að við færslu barnaskólastæðis frá sunnanverðu Akratorgi kæmu þar bæjarskrifstofur.²⁸ Bæjarstjóri óskaði eftir því við Skipulagsnefnd ríkisins í mars 1948 að gerð yrði sú breyting á skipulagi bæjarins að opið svæði yrði skilgreint með Heiðarbraut að norðanverðu ofan við væntanlega barnaskólabyggingu.²⁹ Um mitt ár óskaði bæjarstjórn eftir því að baklóðir (sjávarmegin) við Vesturgötu 111-121 yrðu skipulagðar þannig að þangað mætti flytja gömul timburhús sem nauðsyn ræki til að flytja burtu af lóðum sínum í framtíðinni.³⁰ Voru nokkur hús flutt á baklóðir á þessum slóðum og síðar einnig á lóðir við Presthúsabraut.



Tillaga frá 1949 að fyrirkomulagi sementsverksmiðju á Akranesi, hluti. Skipulagsstofnun.

Sementsverksmiðjan

Síðla árs 1949 barst Skipulagsnefnd erindi frá bæjarstjóra sem varðaði staðsetningu fyrirhugaðrar sementsverksmiðju á Ívarshúsalóð og næstu lóðum innan við hana og uppfyllingu til suðurs.³¹ Í svari Skipulagsnefndar við erindinu í mars 1950 kom m.a. fram það álit nefndarinnar og annarra sem fjallað höfðu um málið að umræddur staður væri sá eini á Akranesi sem til greina kæmi fyrir verksmiðjuna en:

„Skipulagsuppdráttur hefir þó ekki gert ráð fyrir slíkum stóriðnaði svo nærri byggðinni og nefndin telur ekki að til greina hefði komið að reisa nein þeirra íbúðarhúsa, sem komin eru neðan Suðurgötu og við Mánabraut, ef upphaflega hefði verið gert ráð fyrir slíkum mannvirkjum iðnaðar, sem hér um ræðir. Telur nefndin síst veita af öllu landsvæðinu að Suðurgötu.

Í því sambandi vill nefndin benda á það, að þeir lóðaeigendur, sem nú eiga hús á þessum slóðum, hafa byggt þau á þeim forsendum að þarna væri ákveðinn íbúðarréttur og er ekki ólíklegt, að þeir teldu sér stafa slík óþægindi af nálægð verksmiðjunnar, sem kynnu að valda bótaskyldu frá bæjarsjóði.

Nefndin vill fyrir sitt leyti veita samþykki til byggingar verksmiðjunnar á þessum stað með eftirgreindum skilyrðum:

I. Byggð verði breið uppfylling með akbraut sjávarmegin við verksmiðjuhúsið með sambandi frá bryggjum og út fyrir aðalbyggð bæjarins, sem nú er. Ekki kemur til greina að gera ráð fyrir flutnings- eða akvegasambandi beint frá verksmiðjunni í Suðurgötu.

II. Fyllsta trygging verksmiðjunnar liggi fyrir um, að verksmiðjuíðnaðurinn verði ryklaus og valdi ekki óþrifnaði eða óþægindum fyrir byggðina.

III. Framvegis verði ekki veitt byggingarleyfi á svæðinu ofan við verksmiðjuna að Suðurgötu fyrir önnur hús en þau, sem að einhverju leyti standa í sambandi við verksmiðjuna.³²



Sementsverksmiðjan lengst t.h. var byggð svo að segja upp að íbúðahúsum við Mánabraut og Suðurgötu og flest öll húsin sjávarmegin við þær götur voru síðar rifin eða flutt burtu. Ljós. Þorsteinn Jósefsson, um 1958. Skipulagsstofnun.

Austurhluti bæjarins skipulagður

Í mars 1955 tók bæjarráð til umfjöllunar hugmyndir skipulagsstjóra að skipulagi austurhluta bæjarins. Helstu tillögur skipulagsins gerðu ráð fyrir því að Kirkjubraut ofan Skagabrautar yrði 25 metra breið og aðalinnkeyrslugata í bæinn, að norðvestan Kalmansbrautar yrði gert ráð fyrir kirkjulóð og að stórt torg kæmi suðaustan brautarinnar innan Stillholts. Norðaustan við torgið og meðfram Stillholti og einnig inn með Kirkjubraut sáu menn



Horft yfir Krókalón inn yfir Efri-Skaga, Mýrin t.v. og Brekkubæjarskóli t.h. Ljós. Þorsteinn Jósefsson, um 1958. Skipulagsstofnun.


fyrir sér stór verslunar- og skrifstofuhús, en ekki íbúðarhús, og að Póst- og símamálastjórn fengi lóð við Kirkjubraut suðvestan við Landakotstún.³³ Nýr skipulagsuppdráttur fyrir Akranes var ekki lagður fram fyrr en fjórum árum síðar en stöðugt var unnið að gerð skipulagstillagna fyrir afmörkuð svæði bæjarins svo halda mætti áfram byggingarframkvæmdum. Í apríl sendi skipulagsstjóri t.d. frá sér: *ófullgerðan uppdrátt að skipulagstillögum af þeim landsvæðum, sem nú munu einna tiltækust undir nýbyggingar*, eins og segir í bréfi hans. Þessi svæði voru Landakotstún og Stekkjarholt þar sem gert var ráð fyrir tvílyftum húsum og við Vesturgötu og Brekkubraut þar sem húsin áttu að vera einlyft. Þá var gert ráð fyrir nýrri götu norðvestan Vesturgötu, Presthúsabraut, fyrir flutningshús.³⁴ Nokkrum vikum síðar barst bæjarstjóra önnur skipulagstillaga, nú fyrir Kirkjubraut á milli Merkigerðis og Akurgerðis. Þar var gert ráð fyrir breikkun götunnar og að gömul hús vikju fyrir nýbyggingum með 8 metra breiðum forgarði.³⁵ Í júlí barst tillaga frá Skipulagsnefnd að breytingu Vitateigs sem gerði ráð fyrir framlengingu götunnar til suðurs yfir Hólinn að Akursbraut.³⁶ Í mars 1956 barst skipulagstillaga að svæði við norðausturenda Vesturgötu sem gerði ráð fyrir tveggja hæða íbúðarhúsum með kjallara, sem þótti hentugt í ljósi þess að jarðvegur væri þarna alldjúpur.³⁷ Þessar tillögur voru síðan settar fram á skipulagsuppdrætti árið 1959 eins og fyrr getur.

Endurskoðaður skipulagsuppdráttur 1959

Zophonías Pálsson skipulagsstjóri sendi endurskoðaðan skipulagsuppdrátt af Akranesi til bæjarstjóra í mars 1959. Í bréfi gerði hann grein fyrir helstu sjónarmiðum sem réðu gerð skipulagsins og ritaði m.a.:

„Byggð sú sem komin er á Akranesi er mestmegnis einbýlis- og tvíbýlishúsabyggð. Bærinn hefur því eðlilega þanist út, enda vaxið mjög ört að fólksfjölda í seinni tíð. Mun láta nærri að íbúatala Akraness hafi tvöfaldast á síðast liðnum 20 árum. Allt bendir til þess að fólksfjölgun á Akranesi verði síst minni á næstu árum en verið hefur undanfarna áratugi. Má í því sambandi benda á hin stórbættu hafnarskilyrði, hina nýju sementsverksmiðju og hina miklu grósku sem nú er í útgerð og öðru atvinnulífi á Akranesi. Er því full ástæða til þess að ætla að íbúatalan tvöfaldist á nú næstu 20 árum og verði 6500-7000 árið 1979.

Það má teljast happ, að við höfnina og vestan Bárugötu eru enn allmargar og rúmgóðar óbyggðar lóðir sem sjálfsagt er að hagnýta til athafna og iðnaðar í sambandi við höfnina, og er Akranes þannig sérlega vel sett hvað varðar hentugar iðnaðarlóðir í nágrenni hafnarinnar.



Skipulagsuppdráttur Akraness 1959, m.a. var gert ráð fyrir því að breikka Kirkjubraut og rífa mörg hús við götuna. Skipulagsstofnun.

Hins vegar er byggingarland það sem nýtt hefur verið til íbúðabygginga hin seinni ár, og meiri hluti þess svæðis sem legu sinnar vegna er eðlilegt að nýta á næstunni, mjög óhentugt til bygginga sökum þess hve djúpur jarðvegurinn er, (víða 3-5 metrar).

Við slíkar aðstæður er að öðru jöfnu mun hagkvæmara að byggja fjölbýlishús, 3-4 hæða heldur en einbýlis- eða tvíbýlishús, m.a. vegna mun minni kostnaðar við grunn á hverja íbúð.

Þá er og aðgætandi að vegalengdir frá bústað og að vinnustað, (t.d. að höfn og fiskiðjuverum) eru þegar orðnar tilfínanlegar (Vesturgata t.d. 1.5 km.). Til þess að sporna gegn hinni óheppilegu útpenslu bæjarins er nauðsynlegt að byggja að verulegu leyti fjölbýlishús. Má það auk þess teljast eðlilegt fyrir jafn fjölmenna og ört vaxandi bæ og Akranes er, að byggð séu að verulegu leyti fjölbýlishús, þar eð slíkt er mun hagkvæmara fyrir bæjarfélagið hvað kostnað við gatnagerð, skólp, vatnslagnir o.fl. snertir. [...]

Ýmislegt fleira kemur til álita, t.d. í hvaða átt sé heppilegast að beina stækkun bæjarins að 20 árum liðnum, hvernig eigi að endurbyggja gamla bæinn o.s.frv.³⁸

Umtalsverður áherslumunur er á milli aðalskipulagsins frá 1927 og skipulagstillögunnar 1959: Í stað sambyggðra húsa sem standa við götu samkvæmt skipulaginu frá 1927 er áhersla lögð á


þriggja til fjögurra hæða fjölbýlishús og einbýlishús inni á lóðum í tillögunni frá 1959. Þennan mun má útskýra með mismunandi skipulagssjónarmiðum sem ríkjandi voru á hvoru tímabili um sig – fagurfræðilegum sjónarmiðum 1927 en hagrænum 1959.

Endurskoðaður skipulagsuppdráttur 1966

Í janúar 1966 kynnti skipulagsstjóri frumdrög að tillögu að aðalskipulagi fyrir Akranes og útskýrði einstaka þætti tillögunnar. Þar var gert ráð fyrir því m.a. að Kirkjubraut yrði burðarás umferðar fram á Skagann, að nýr vegur fyrir framan Sementsverk-



Árið 1960 var byrjað á varanlegri gatnagerð á Akranesi og Kirkjubrautin steipt á milli Akratorgs og Merkigerðis. Ljósmynd. Ólafur Arnason. Ljósmyndasafn Akraness.



Tillaga að skipulagi við Esjubraut í mars 1966. Byrjað er að byggja á svæðinu norðaustan Stíllholts og norðvestan Kalmansbrautar. Gert er ráð fyrir kirkju og ráðhúsi norðaustan Kalmansbrautar en almenningsgarði og miðbæjarstarfsemi að suðaustanverðu. Skipulagsstofnun.

smiðjuna tengdi höfnina og athafnasvæðið á Breiðinni saman við fyrirhugað athafnasvæði upp af Kalmansvík, að ný íbúðasvæði kæmu austur með ströndinni og sem fyrr var gert ráð fyrir miðbæjar- og verslunarsvæði við mót Stíllholts og Kirkjubrautar.³⁹

Bæjarstjóri óskaði eftir tillögu að íbúðahverfi norðan við Esjubraut, svo unnt væri að halda áfram byggingarframkvæmdum á Akranesi. Lagði skipulagsstjóri fram tillögu þess efnis í mars 1966 sem gerði ráð fyrir 24 einbýlishúsum upp af Kalmansvík.⁴⁰

Skipulagsvinna á áttunda áratugnum

Næsta áratug, og rúmlega það, var stöðugt unnið að gerð aðalskipulags Akraness. Skipulagsstjóri lét árið 1972 gera lauslega tillögu að aðalskipulagi Akraness sem í meginráttum var í samræmi við tillöguna frá 1966. Ekki hafði reynst unnt að ganga frá uppdrættinum fyrr vegna þess að nauðsynlegir mælingauppdraettir voru ekki fullbúnir. Um 100 m breið ræma þess svæðis, sem skipulagið náði til, var utan lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar og lagði skipulagsstjóri til að tekin yrði upp samvinna við sveitarstjórn Innri-Akraneshrepps um skipulagsmál.⁴¹ Á vormánuðum 1975 sendi skipulagsstjóri bæjarstjóra aðra tillögu að aðalskipulagi Akraness fyrir tímabilið 1975-95 og var tillagan einnig lagfæring á tillögunni frá 1966. Í bréfi með tillögunni skrifar Zophonías Pálsson skipulagsstjóri m.a. að áhugi fyrir nýrri höfn í Krossvík hafi dofnað vegna fyrirhugaðrar hafnar á Grundartanga, íbúafjölgun hafi orðið minni en spá gerði ráð fyrir

árið 1965 en samkvæmt henni var búist við að íbúafjöldinn næði 4.530 manns árið 1970 en árið 1973 voru íbúar Akraness aðeins um 4.400. Nýja málmblendiverksmiðjan á Grundartanga gæfi hins vegar vonir um fjölgun íbúa á Akranesi.⁴²

Um sumarið og fram á haust var unnið áfram við aðalskipulagstillöguna og margvíslegir þættir, sem áhrif kynnu að hafa á gerð hennar, voru kannaðir. Má þar nefna náttúruvernd, landnýtingu í gamla bænum og hugsanleg áhrif brúargerðar yfir Hvalfjörð. Í ágúst fór t.d. Sturla Sighvatsson arkitekt hjá Skipulagi ríkisins, sem vann að skipulaginu ásamt Jóhannesi Ingibjartssyni hjá Verfræði- og teiknistofunni á Akranesi, í skoðunarferð til Akraness og lýsti Sturla ferðinni þannig:

„Ferðin var einkum farin til þess að kanna staðhættu í gamla bæjarhlutanum og til þess að kynna stjórnarmíðum náttúruverndarmanna á Akranesi.

Í gamla bænum eru elstu hús frá síðustu aldamótum, en flest hafa þau verið reist um og eftir seinna stríð og allt til ársins 1960. Gamla bæjar-skipulagið einkennist af litlum og fingerðum húsum með vingjarnlegu yfirbragði. Annað sterkt einkenni gamla bæjarins er hlutfallslega há lóðarnýting íbúðar- og iðnaðarhúsa. Þetta kemur einkum niður á útivistarsvæðum sem eru lítil og fá að tölu. Því ber að fara varlega í byggingarframkvæmdum í gamla bænum til þess að þeir fáu óbyggðu blettir sem eftir eru týni ekki tölunni algjörlega. Einkum er hér um að ræða Merkurúnið, hólinn [þ.e. Akurshóll, Hóll eða Brekka] ofan við olíutank Sambandsins til hliðar við Trésmiðjuna Akur, sparkvöll fyrir sunnan fiskiðjuna Arctic svo og hina mjög svo fallegu lóð út á Breiðinni næst vitanum sem er í eigu H. Böðvarsson og Co.“⁴³

Því næst vikur Sturla að náttúruvernd og greinir m.a. frá skoðunum Margrétar Jónsdóttur kennara á umhverfismálum og náttúruvernd:

„Þar ber fyrst að nefna Kalmansvíkina svo og kletta- og fjöruborðið norðaustan af henni.

Margrét leggur ríka áherslu á að fjara þessi og klettabelti hljóti ekki sömu örlög og fjaran norðaustan af skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts í átt að fiskiðjunni Arctic og öðrum miður fögrum iðnaðarhúsum staðsettum eftir strandlengjunni. Þessi iðnaðarhús skyggja á útsýni í átt að Snæfellsjökli og þar fyrir utan geta náttúruunnendur ekki lengur notið hinnar mjög svo sérkennilegu og skemmtilegu klettamyndana strandarinnar sem eru skúlptúr út af fyrir sig. Að auki leggur Margrét til að klettamyndanir austan af gagnfræðaskólanum, þar sem gamli vegurinn inn að Kalmansvík liggur, verði friðaðar og gert að skrudgarði.

Þegar hefur verið drepit á svæðið út á Breiðinni næst vitanum sem framtíðar göngu- og útivistarsvæði. Þegar siglt er inn í Akranesbæ opnast augu ferðamannsins samfelld strandlengja austan nýju einbýlishúsanna að Görðum út að vita Breiðarinnar. Þessi mynd strandlengju Skagans býr yfir miklum þokka og álit ég að hún spillist ef fleiri iðnaðarhús yrðu reist á Breiðinni. Kemur því mjög svo til álita að eigendur iðnaðarlóða sem enn eru óbyggðar skipti á þeim og lóðum á nýja iðnaðarsvæðinu meðfram þjóðvegnum.⁴⁴


Í október 1975 lagði náttúruverndarnefnd Akraness fram tillögur um friðun tiltekinna svæða í bænum í anda þess sem rakið var hér að framan í bréfi Sturlu.⁴⁵ Í sama mánuði ritaði Sturla bréf til bæjarstjóra og vék þar að húsakönnun á Skipaskaga:

„Þar sem á skipulagstímabilinu 1975-95 má gera ráð fyrir nokkurri endurskipan í gamla bænum á Akranesi, svo sem eins og endurnýjun gamla húsa og jafnvel húsapyrpinga, er mjög æskilegt að gera nokkra úttekt á honum.“⁴⁶

Hinn 3. desember 1975 var haldin ráðstefna á Akranesi um skipulagsmál bæjarins og ræddu bæjarbúar og fulltrúar Skipulags ríkisins um framlagðar skipulagstillögur, kosti þeirra og galla.


Það er engin tilviljun að á árinu 1975 hafi komi fram mikill áhugi á Akranesi fyrir náttúruvernd, vernd byggðar og einstakra húsa. Fyrstu lög um húsafriðun voru sett árið 1969, húsafriðunarsjóði var komið á laggirnar 1975 og sama ár var byggingarverndarár Evrópuráðsins haldið. Torfusamtökin í Reykjavík voru stofnuð 1972 til þess m.a. að vinna að varðveislu, endurnýjun og fegrun gamla miðbæjarins í Reykjavík.

Tillögurnar sem fram komu um aðalskipulag Akraness 1975 voru unnar áfram næstu árin en haldið var áfram við að vinna deiliskipulög fyrir einstök svæði í austurhluta bæjarins. Í ársbyrjun 1976 barst bæjarstjóra frá Skipulagi ríkisins t.d. deiliskipulagstillaga fyrir íbúðahverfi norðan og austan Garðahverfis og á árinu 1977 var unnið að deiliskipulagi miðbæjar við gatnamót Stillholts og Kirkjubrautar.⁴⁷ Snemma árs 1980 réði bæjarstjórn Magnús Ólafsson arkitekt til Verkfræði- og teiknistofunnar, sem var í meirihlutaeign bæjarins, til að vinna að skipulagsverkefnum á Akranesi.⁴⁸



Skipulagstillaga frá 1977 fyrir miðbæ við Kirkjubraut og Stillholt, hluti. Skipulagsstofnun.

Í umfjöllun um skipulagsmál og þróun byggðarinnar á Akranesi hefur einkum verið leitað fanga í bréfasafni Skipulagsstofnunar en þar eru að finna margvísleg erindi bæjarstjórnar til Skipulagsnefndarinnar og varða skipulags- og byggingarmál. Svör nefndarinnar og skipulagsupprættir sem fylgja þeim eru í mörgum tilvikum einungis afstöðuupprættir svo staðsetja megi fyrirhugaðar byggingar. Þetta er lýsandi fyrir þann vanda sem skipulagsmál voru í hér á landi á þessum árum. Deiliskipulagsupprættir voru sjaldan gerðir og því var aðalskipulagsupprættur oft eini upprætturinn sem sveitarstjórnir höfðu til að fara eftir. Á Akranesi jók á vandann að fyrsta aðalskipulagið frá 1927 var í gildi allt til ársins 1982 og því þurfti sífellt að leita til Skipulagsstofnunar um viðbætur við gamla skipulagið.



Aðalskipulag Akraness 1980-2000.

Staðfest aðalskipulag 1980-2000

Loks tókst að ljúka endurskoðun aðalskipulagsins frá 1927 og síðla árs 1981 var ákveðið að auglýsa eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Akraness 1980-2000 ásamt greinargerð. Félagsmálaráðherra staðfesti aðalskipulagið 3. maí 1982. Hafði þá ekki verið staðfest aðalskipulag fyrir Akranes frá því árið 1927. Í greinargerð með aðalskipulaginu var m.a. talið æskilegt að safna saman upplýsingum um hús byggð fyrir 1950 vegna skipulagsvinnu.⁴⁹

og Æðarodda, Steinsvör, Skarfavör, Lambhúsasund og Krókalón,


- æskilegt sé að safna saman upplýsingum um hús sem byggð eru fyrir 1950 því í framtíðinni verði þær nauðsynlegar allri skipulagsvinnu,
- unnið verði að deiliskipulagi.⁵⁰

Staðfest aðalskipulag 1992-2012

Í forsendum aðalskipulags Akraness 1992-2012 segir m.a. að:

- stuðlað verði að frekari endurnýjun og þéttingu eldri hverfa,
- áframhaldandi uppbygging verslana og skrifstofa verði við Skólabraut, Kirkjubraut, Stillholt og í miðbæ,
- ekki sé þörf á stækkun eða gjörbreytingu hafnarinnar vegna tilkomu Grundartangahafnar en gert ráð fyrir gámasvæði á uppfyllingu við Faxabraut,
- taka þurfi ákvörðun um svæði sem séu sérstök vegna fornleifa og náttúru t.d. milli Kalmansvíkur

Aðalskipulag Akraness 2005-2017



Aðalskipulag Akraness 2005-2017, hluti.

Staðfest aðalskipulag 2005-2017

Í greinargerð með aðalskipulagi Akraness 2005-2017 segir m.a. í kaflanum *Húsavernd*:

„Vinna skal svo nefnda húsakönnun fyrir elsta hluta kaupstaðarins sbr. ákvæði um skipulagsreiti Íb1. M1 og M2. Á grundvelli hennar verður unnin áætlun um hugsanlega hverfisvernd byggðar eða vernd og varðveislu einstakra bygginga sem kunna að vera merkilegar vegna gerðar sinnar, stöðu eða sögu. Húsakönnun verður undanfari deiliskipulags viðkomandi reita þar sem gerð verður grein fyrir hugsanlegum verndarákvæðum og endurnýjun og uppbyggingu.“⁵¹

Byggingarhefð og húsagerð



Horft yfir bæinn úr kirkjuturninum um 1900. Ljós. Árni Thorsteinson. Þjms. Lpr. 1987:47.

Torf- og steinbæir


„Bæirnir voru allir úr torfi og grjóti fram yfir 1870 og flestir af miklum vanefnum gerðir, aðeins nokkrir portbyggðir, en flestir á þrepi og ekkert sundurþiljaðir. Í grennd við bæina voru matjurtagarðar, flestir litlir og girtir ýmist með torfi eða grjóti. Það voru túnblettirnir líka. Timburhjallar voru hjá eða í nánd við hvert býli útvegsbænda og í sambandi við þá trönur og grindur til þess að hengja á og herða eitt og annað, er viðkom sjófangi. Þessir hjallar voru þá langreisulegustu húsin og margir þeirra með geymsluloftum.”⁵²

Þannig lýsti Kristleifur Þorsteinsson á Stóra-Kroppi húsakosti Skagamanna um 1880. Fáein hús frá síðustu áratugum 19. aldar standa ennþá og er hægur vandi að skoða þau en um horfin hús eru í sumum tilfellum til ýmsar heimildir bæði í rituðu máli og myndrænu sem varpa ljósi á gerð þeirra og frágang. Í þessum kafla verður gerð tilraun til þess að rekja meginrætti í húsagerðarsögu Akraness eftir gerð þeirra á hverjum tíma og byggingarefni.

Eins og lýsing Kristleifs og ljósmyndin hér að ofan bera glögglega með sér voru torfhús algengustu íbúðarhús á Skaga undir lok 19. aldar. Síðasti torfbærinn sem stóð á Akranesi var Teigakot á Akurshól sunnan við Suðurgötu 26 en bærinn var rifinn árið 1943.



Síðasti torfbærinn á Akranesi var Teigakot sem stóð á Akurshól. Ljós. óþekktur. Ljósmyndasafn Akraness.



Útlit og grunnmynd af Bræðraparti, steinbærinn t.v. Teiknari óþekktur. Ljósmyndasafn Akraness.

Skagamenn reistu sér líka steinbæi og fyrsti kalklímdi steinbærinn á Akranesi var byggður 1864 á Bræðraparti. Þorsteinn Sveinsson smiður lét byggja bæinn og fékk að sögn Jón nokkurn Halldórsson til að hlaða veggina. Þorsteinn var bróðir Jakobs snikkara í Reykjavík⁵³ sem var vel þekktur smiður á sinni tíð og byggði þar m.a. Kirkjutorg 6 árið 1860 sem enn stendur.⁵⁴ Stein-bærinn og torfbærinn voru rifnir árið 1908 en þá byggði Jón Gunnlaugsson sér timburhús á spildunni.⁵⁵ Timburhúsið var flutt að Suðurgötu 20 árið 2007.

Kristleifur á Stóra-Kroppi taldi að timburhjallarnir sem stóðu víða við hús Skagamanna væru langreisulegustu húsin.⁵⁶ Á Byggðasafninu er varðveittur þurrk- og fiskhjallur sem byggður var á Bræðraparti á síðari hluta 19. aldar og var fluttur á safnsvæðið 1961.⁵⁷ Þó að um timburhús sé að ræða þá verður hjallinum líst hér með torf- og steinbæjum þar sem þessi hús stóðu jafnan saman.



Melhusabær og Suðurgata 34 t.h. Ljós. óþekktur. Ljósmyndasafn Akraness.



Þurrk- og fiskhjallur á Bræðraparti upp af Skarfatangavör. Ljós. Jóhannes Gunnarsson. Ljósmyndasafn Akraness.

„Hjallurinn er einlyft, portbyggt timburhús með risþaki, 3,88 m að lengd og 3,0 m á breidd. Húsið stendur á steinsteyptum súlum og fyllt er undir fótstykki með möl. Á framstafni eru tveir einnar rúðu gluggar og dyr með okahurð. Framstafn og hluti bakstafns eru klæddir slagþili, neðanverð suðvesturhlið og hluti bakstafns eru rimaklædd en portveggur á suðvesturhlið og norðausturhliðin eru klædd skarsúð. Þak hjallsins er klætt listuðum þakpappa.

Suðvestanmegin í húsinu er þurrkhjallur með malargólfi en affiljuð geymsla við norðausturhlið og í henni fjalagólf. Grind hússins er óklædd að innan og yfir jarðhæð eru gólfborð á bitum. Geymsluloft er yfir hjallinum og yfir því rennisúð á langböndum. Húsið er ómálað að innan.“⁵⁸



Þurrk- og fiskhjallur frá Bræðraparti eftir viðgerð á Byggðasafninu.



Miðteigur, reist 1871, er talið fyrsta íbúðarhúsið úr timbri á Akranesi á 19. öld. Ljós. Árni Böðvarsson. Ljósmyndasafn Akraness.

Timburhús

Fyrsta íbúðarhúsið úr timbri sem talið er að hafi verið byggt á Skaga á 19. öld var húsið Miðteigur, reist 1871. Það lét Hallgrímur Jónsson hreppstjóri byggja fyrir sig. Greinir Ólafur B. Björnsson frá því að hús þetta hafi komið „tiltegl“ til landsins fyrir Jón Thoroddsen sýslumann sem ætlaði að reisa það á Leirá. Sýslumaður féll frá 1868 áður en húsið var reist og mun húsið þá hafa komist í eigu Hallgríms hreppstjóra sem lét reisa það á Skaga.⁵⁹ Húsið var 17½ x 11 álnir að stærð eða 11 x 6,9 m, hæð og ris með miðjukvisti og kjallari var undir hluta hússins. Á jarðhæð voru tvær stofur með ofnum, kames, eldhús, búr og geymsla en uppi fjögur herbergi. Húsið var rífið árið 1931.⁶⁰

Annað timburhúsið sem smíðað var á Skaga var íbúðar- og verslunarhús Þorsteins Guðmundssonar kaupmanns á Bakka við Lambhússund, smíðað 1873 af Jóhannesi Jónssyni (1821-1890) snikkara í Reykjavík. Húsið var 20 x 12 álnir eða 12,5 x 7,5 m að stærð, kjallari, hæð og ris og með miðjukvisti á framhlið. Thomsenverslun yfirtók verslunarrekstur og hús Þorsteins 1883.⁶¹ Húsið var rífið árið 1922 og á lóð þess byggt húsið nr. 22 við Bakkatún.⁶² Jóhannes var mikils virtur forsmiður og var yfirmsmiður Prestbakkakirkju á Síðu 1859, kom að smíði Reynivallakirkju í Kjós 1861, hannaði og smíðaði Langholtskirkju í Meðallandi 1863 og

Þykkvabæjarkirkju í Álftaveri 1864 og vann við smíði Stykkishólmskirkju 1878-1879.⁶³

Helgi Guðmundsson (1839-1921) byggði Sýrupart 1875 við Breiðargötu en húsið var flutt á Byggðasafnið 1990. „Var það þriðja timburhús á Skaga. Þóttu gluggarnir þá svo myndarlegir, að sumir kölluðu það *glerhöllina*, svo mjög þóttu gluggarnir stinga í stúf við rúðurnar í litlu torfbæjunum.“⁶⁴

Neðri-Sýrupartur, sem er elsta varðveitta íbúðarhús úr timbri á Akranesi, kemur þannig fyrir sjónir eftir viðgerð þess á Byggðasafninu: „Einlyft timburhús með risþaki, 7,70 m að lengd og 6,42 m á breidd. Við austanverða norðurhlið er bakdyraskúr með pappaklæddu skúrþaki, 1,84 m að lengd og 1,79 m á breidd. Húsið stendur á steinlímdu hlöðnum sökkl og kjallari er undir austurhluta þess. Veggir eru klæddir listapili og undir þakskeggi er strikuð veggkróna. Á suðurhlið eru tveir níu rúðu tvíþósta krossgluggar. Milli glugganna eru útidyr með tvöföldum hurðum og þverglugga að ofan og að þeim trétröppur. Á vesturgafli eru þrjár sex rúðu krosspóstagluggar, einn á gafhláði austan megin og tveir á norðurhlið auk þriggja rúðu hálfglugga. Þakið er klætt listasúð og á því er reykháfur gegnt útidyrum og lítill þakkvistur með skúrþaki á norðurhlið. Bakdyr eru á vesturhlið skúrs og tveggja rúðu gluggi á norðurhlið.“



Neðri-Sýrupartur við Breiðargötu. Ljósmynd. Óþekktur. Ljósmyndasafn Akraness.

Forstofa er inn af útidyrum og stofur hvorum megin hennar sunnan megin í húsinu. Inn af bakdyraskúr er eldhús með hlöðnu opnu eldstæði, lúga með hlera að kjallara og stigi upp á loft. Vestan megin eldhúss er herbergi en búr austan megin. Innangengt er milli stofa, herbergis og eldhúss. Á loftinu eru tvö herbergi. Veggir í forstofu og suðvesturstofu eru klæddir strikuðum panelborðum, önnur herbergi hússins eru klædd spjaldapili og brjóstlisti er á miðsyllu herbergis í norðvesturenda. Bakdyraskúr er að hluta til klæddur listapili en annars óklæddur. Í loftum austanvert í húsinu eru gólfborð á bitum, loft í forstofu og suðvesturstofu eru klædd strikuðum panelborðum og reitaloft er í norðvesturherbergi. Jarðhæðin er máluð að innan en rishæðin ómáluð.⁶⁵

Eins og húsið sjálf er til vitnis um hafa Skagamenn staðið myndarlega að verki þá er þeir hófu að reisa varanleg hús og ekki hefur verið í kot vísað í *glerhöllinni*. Hin húsin hafa að líkum verið vönduð, í það minnsta Bakki ef dæma má eftir þeim verkum sem Jóhannes vann að og enn standa. Hitt er og víst að kaupmenn og útgerðarmenn, eins og þeir Thor Jensen og Böðvar Þorvaldsson og afkomendur hans, stóðu síðan fyrir byggingu margvíslegra glæsihúsa á Skaga, bæði fyrir atvinnustarfsemi og til íbúðar. En áður en haldið verður áfram að rekja



Læknishúsið við Vesturgötu. Ljósmynd. Óþekktur. Ljósmyndasafn Akraness.



Akraneskirkja, líkast til 1898. Ljósmynd. Sigfús Eymundsson. Þjms. SEy 546.

yfirlit yfir helstu húsagerðir á Akranesi verður hugað að kirkjunni.

Akraneskirkja var byggð á árunum 1895-1896 eftir uppdráttum Guðmundar Jakobssonar (1860-1933) forsmiðs en hann smíðaði einnig Læknishúsið við Vesturgötu 40 árið 1896. Guðmundur var afkastamikill kirkjusmiður og auk Akraneskirkju standa ennþá tvær kirkna hans; Hvammskirkja í Dölum reist 1883-1884 og Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd reist 1892-1893. Ennfremur hóf hann smíði kirkju í Keflavík 1897 en hún stórskemmdist í ofsaveðri og var tekin niður. Þá er Guðmundur og orðaður við smíði Akrakirkju á Mýrum sem byggð var 1899-1900. Hann var yfirsmiður Safnahússins við Hverfisgötu í Reykjavík og Barónsfjóss við Barónsstíg sem er elsta steinsteypta húsið í Reykjavík.⁶⁶ Er tæplega hallað á neina byggingu á Akranesi þó svo að Akraneskirkja verði hér talin ein helsta byggingarlistarlega perla staðarins.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á kirkjunni frá því að hún stóð fullbyggð árið 1896. Steypujárnsgluggar sem upphaflega voru í henni voru fjarlægðir á árunum 1902-1908 og trégluggar settir í stað þeirra. Kirkjubekkjum hefur verið breytt og árið 1965 var kirkjan lengd til austurs um 2,5 m og skrudhús gert bak altaris. Gerði Jóhannes Ingibjartsson uppdrætti að breytingunni.⁶⁷

„Akraneskirkja er timburhús, átthyrningur að grunnfleti, 21,40 m að lengd og 9,00 m á breidd. Hornsneiðingar eru 4,50 m að lengd en framhlið og kórbak eru 3,30 m á breidd. Þakið er krossreist og upp af framstafni er burstsettur áttstrendur turn með oddbogaglugga á hverri hlið. Á honum er há áttstrend spíra. Undir turni er breiður ferstrendur stallur og á honum flatt þak girt handriði. Kirkjan er bárujárnsklædd og stendur á steinsteyptum sökklí. Á hvorri hlið kirkju eru tvær gluggaraðir með fimm tvíþósta krossgluggum undir oddboga, hver þeirra með 12 rúðum. Stærri 15 rúðu gluggi er á hverri hinna fjögurra sneiðinga og dyr undir glugganum á suðausturhlið. Á framhlið turns eru tveir samlægir gluggar yfir kirkjudyrum og einn stærri yfir þeim. Fyrir kirkjudyrum eru vængjahurðir og gluggi undir oddboga yfir.

Í forkirkju eru stigar til sönglofts yfir forkirkju og fremsta hluta framkirkju og setsvala fram með hliðum. Að framkirkju eru spjaldsettar vængjahurðir og gangur inn af þeim að kór sem hafinn er upp yfir kirkjugólf um fjögur þrep. Þverbekkir eru í framkirkju hvorum megin gangs og á setsvölum. Framkirkjan er þrískipa, stoðir standa á kirkjugólfi og bera setsvalir og oddbogahvelfingu yfir miðhluta framkirkju. Á mörkum framkirkju og kórs eru fjórir oddbogar og undir þeim fjórar stoðir og veggstoð hvorum megin altaris og oddbogahvelfingar yfir. Skrúðhús er að kórbaki sem nemur lengingu kirkjunnar. Veggir eru klæddir sléttum plötum og hvelfingar múrhúðaðar. Kirkjan er skreytt trúarlegum táknmyndum, einkum hvelfingar.⁶⁸

Sama ár og kirkjubyggingin hófst, 1895, lét Thor Jensen athafnamaður byggja tvílyft vörugeymsluhús úr timbri og bryggju út í Steinsvör en stöplar hennar sjást enn.⁶⁹ Margvísleg starfsemi hefur verið í þessu húsi. Þar kenndu Thor Jensen, Magnús Ólafsson ljósmyndari og Ólafur Finsen læknir leikfimi. Alllöngu síðar, eða frá 1940, rak HB & Co niðursuðuverksmiðju í húsinu og ýmsa aðra starfsemi sem tengdist útgerð fyrirtækisins.⁷⁰ Húsið er hluti húsasamstæðu við Breiðargötu 8 og líkast til elsta atvinnuhúsnæði á Akranesi. Því hefur verið breytt á margvíslegan hátt, t.d. með viðbyggingum á þrjár hliðar, gluggaskipan á framhlið hefur verið breytt og bakhliðin opnuð inn í viðbyggingu. Úthliðar hússins sem nú snúa inn í viðbyggingarnar eru enn klæddar upprunalegri vatnsklæðningu.

Víkjum því næst að íbúðarhúsum almennings og stöldrum enn við árið 1895. Þá byggði Halldór Halldórsson sér lítið timburhús, Melbæ, sem enn



Vörugeymsluhús Thors Jensens byggt 1895 t.h., trésmíðaverkstæði við gafli þess og ísdammurinn í forgrunni. Ljós. Haraldur Böðvarsson. Haraldarhús.



Melbær byggður 1895, Heiðarbraut 21.

stendur við Heiðarbraut 21. Þá skiptist húsið í kjallara og hæð með eldhúsi í öðrum enda og stofu í hinum, lítil geymsla var undir mæni og skúr við inngang. Einn gluggi var á hvorum gafli og veggir og þak klædd tjörupappa en timburklæðning var á öðrum gaflinum.⁷¹

Um þessar mundir og fram yfir 1930 voru byggð timburhús fjölbreytilegrar gerðar. Form húsanna og uppbygging þeirra var þó svipuð; kjallari, hæð og ris. Kjallarar voru framan af lágir og að mestu niðurgrafnir en þegar frá leið eru gerðir hálfniðurgrafnir kjallarar með meiri lofthæð og settir á þá stærri gluggar. Notkun þeirra breytist frá því að vera geymslur til margvíslegrar atvinnustarfsemi og loks eru þeir teknir til íbúðar. Veggahæð húsa varð meiri og á þessum húsum er ýmist þak með lágu risi eða krossreistu. Til að auka nýtingu rishæða voru hús stundum portbyggð eða smíðað á þau brotaþak eða Mansardþak. Fyrir aldamótin var bárujárn orðið ráðandi byggingarefni til klæðningar veggja og þaks og stærð húsa varð meiri samhliða betri efnahag og auknum kröfum.



Melaleiti við Sunnubraut 26, byggt 1902.

Melaleiti er við Sunnubraut 26 og var byggt 1902. Það er hæð á niðurgrofnum kjallara og með krossreistu þaki. Byggt hefur verið við báðar hliðar hússins.



Hjarðarnes við Merkigerði 16, byggt 1908.

Hjarðarnes við Merkigerði 16 er ágætt dæmi um lítið alþýðuhús, byggt var 1908. Það er hálfniðurgrafinn kjallari, hæð og lágt risþak, bislag er við inngangsdýr.



Bjargarsteinn Vesturgötu 64, byggt 1908.

Við Vesturgötu 64 var Bjargarsteinn byggður árið 1908, eitt margra húsa svipaðrar gerðar á Akranesi. Það er steinsteyptur kjallari, hæð og portbyggt ris, 5,80 m að lengd og 5,26 m á breidd, og með stigahús við vesturhlið, 2,06 m að lengd og 1,95 m á breidd eða um 34 m² að grunnfleti. Veggir og þak voru klædd bárujárn en árið 1965 voru veggir múrhúðaðir á járn. Í kjallara er herbergi, kames og bað en á hæðinni forstofa, gangur, búr, eldhús, herbergi og stofa og tvö herbergi í risi.

Um og upp úr aldamótunum 1900 voru byggð allmörg timburhús með brotaþaki eða Mansardþaki eins og þau eru líka kölluð. Eitt þessara húsa eru Sandar sem byggðir voru við Krókatún 4 árið 1901 en var flutt á Byggðasafnið 1997.⁷²



Sandar, byggt við Krókatún 4 árið 1901.

„Sandar er einlyft timburhús á steinlímum hlöðnum kjallara með portbyggðu brotaþaki, 5,70 m að lengd og 4,85 m á breidd. Við vesturhlið er stigahús með skúrþaki, 2,29 m að lengd og 2,08 m á breidd, og skúr með skúrþaki á steinsteyptum sökklí við norðurstaft, 4,81 m að lengd og 5,08 m á breidd. Veggir eru klæddir bárujárn en skúr listaðri pappklæðningu. Á suðurstafti eru fjórir sex rúðu póstagluggar, tveir á austurhlið, tveir á norðurstafti og þriggja rúðu háflgluggi er á vesturhlið. Útidyr eru á suðurhlið stigahúss og að þeim trétröppur, á vesturhlið eru tveir tveggja rúðu gluggar og kjallarahurð. Á suðurhlið kjallara eru tveir fjögurra rúðu póstagluggar. Á vesturhlið skúrs er tveggja rúðu gluggi og tveir einnar rúðu gluggar auk tvennra dyra og eru stórar vængjahurðir fyrir öðrum. Á austurhlið skúrs er einn tveggja rúðu gluggi. Þök eru klædd bárujárn.

Inn af útidyrum er forstofa og stigi upp á loft. Eldhús er í norðurhluta hússins og stofa í suðurhluta. Á eldhúsgólfi er lúga með hlera að kjallara. Á annarri hæð stigahúss sunnan megin er geymslu-skápur. Gangur er í norðurhluta hússins, salerni í norðvesturhorni, súðarskápar að austanverðu og herbergi í suðurenda. Í kjallara eru veggir óvarðir

en uppi eru veggir ýmist klæddir málningarpappír, veggföðri, plötum eða strikuðum panelborðum en hlutar eldhúss og gangs í risi eru klæddir standpili. Gólfborð á klæddum bitum eru í loftum á jarðhæð en í risi er loft klætt strikuðum panelborðum og málningarpappír. Skúrinn er klæddur spónaplötum að innan.⁷³

Þegar kemur fram yfir 1920 og einkanlega þegar nær dregur 1930 eru smíðuð stærri timburhús á Akranesi og mörg hver með miðjukvisti. Frágangur þeirra er þó svipaður og verið hafði og húsin laus við skraut. Algengt var t.d. að negla bárujárnsklæðningu veggja beint á gluggakarma og sleppa földum um gluggana en mála í þeirra stað falska falda á járníð. Skornar sperrutær eru undir þakskeggi sumra húsa sem byggð voru á tímabilinu frá því upp úr aldamótum og fram til um 1930.



Sandvík Vesturgötu 77, byggt 1928.

Sandvík er bárujárnsklætt timburhús með krossreist þak og stendur á steinsteypum kjallara. Bíslag er við gafl hússins og inngangur og tröppur eru bæði við bak- og framhlið. Því var unnt að velja hvorar dyrnar ætti að nota eftir því hvernig vindar blésu en álíka lausnir voru við fleiri hús á þessum tíma.⁷⁴



Arnarstaður Vesturgötu 59, byggt 1925.

Arnarstaður er svipaðrar stærðar og Sandvík og efnisval hið sama en á þeim er mikill munur þegar lítið er til þakforms, miðjukvistur er á húsinu, gluggar eru tvíþosta krossþostagluggar og inngangur um bíslag við bakhlið.

Örfáum árum eftir að fúnksjónalisminn eða notagildisstefnan barst hingað til Íslands voru byggð hús á Akranesi sem tóku mið af hinum nýju hugmyndum. Flest þessara húsa voru byggð úr steinsteypu en einnig úr timbri og klædd bárujárni. Eitt þeirra var byggt árið 1934 við Kirkjubraut 32. Það skiptist í háan steinsteypant kjallara og hæð úr timbri og á húsinu er skúrþak. Hæð og þak eru klædd bárujárni.



Kirkjubraut 32, byggt 1934, bárujárnsklæddur timburfúnkis með skúrþaki sem hallar að bakhlið hússins.

Annað fúnkishús úr timbri, en með valmaþaki, var byggt við Skagabraut 36 árið 1936 eftir teikningum Jóns Guðmundssonar húsasmíðameistara.



Skagabraut 36, byggt 1936.



Garðar voru hlaðnir úr steinsteyptum steinum á árunum 1876-1882 af Sigurði Hanssyni steinsmið.

Steinsteypt hús

Eins og áður var vikið að var reistur steinbær á Bræðraparti úr kalklímdu grjóti árið 1864 og voru Skagamenn því fyrri til en þorri landsmanna að tileinka sér nýjar byggingaraðferðir. Steinbærir urðu t.d. fyrst algengir í Reykjavík eftir byggingu Alþingishússins 1880-1881. Þegar prestssetrið var byggt í Görðum 1876-1882 var brotið blað í íslenski húsagerðarsögu. Sigurður Hansson steinsmiður hlóð húsið úr steinsteyptum steinum en steypti gafhlýrnurnar í borðamót.⁷⁵ Fáum árum síðar, 1895, byggði Sigurður fyrsta steinsteypuhúsið hér á landi í Sveinatungu í Norðurárdal.⁷⁶

„Garðar er einlyft hús með risþaki, hlaðið úr steinsteyptum steinum, 9,48 m að lengd og 7,01 m á breidd. Við norðurhlið er bárujárnsklæddur bakdyraskúr með skúrþaki, 1,84 m að lengd og 1,96 m á breidd. Húsið stendur á háum kjallara hlöðnum úr steinlímdu holtagrjóti. Veggir eru hlaðnir úr steinsteyptum hleðslusteinum en gafhlýrnur steinsteyptar. Veggir eru múrsléttaðir og yfir gluggum og hurð á suðurhlið eru framstæðir bitar. Á hvorri hlið hússins eru fjórir sex rúðu krosspóstagluggar og á kjallara eru alls sjö tveggja rúðu póstagluggar. Tveir sex rúðu póstagluggar og lítill skásettur gluggi eru á gafhláði austanverðu en á gafhlýrnu vestan megin á húsinu eru fjórir gluggar; sex rúðu póstagluggi, tveir tveggja rúðu

gluggar og lítill einnar rúðu gluggi. Útidyr með tvöföldum vængjahurðum og þverglugga eru á miðri suðurhlið og trétröppur fram undan þeim. Kjallarahurð er á austanverðri norðurhlið og að henni steinhlaðnar tröppur. Bakdyr eru á vesturhlið skúrs og tveggja rúðu gluggi á norðurhlið. Þak er bárujárnsklætt og á mæni gegnt aðaldyrum er reykháfur klæddur sléttjárn.

Inn af útidyrum er forstofa og stofur hvorum megin hennar. Gangur er inn af bakdyraskúr, vestan megin hans er stofa og eldhús austan megin. Innangengt er milli herbergja á jarðhæð. Á ganginum er stigi upp á loft. Þar eru tvö herbergi við austurgafli og eitt við vesturgafli ásamt tveimur súðargeymslum. Veggir hússins eru klæddir spjaldapili og yfir eru gólfborð á klæddum bitum. Suðvesturstofa er klædd brjóstþili með sneiddum spjöldum að neðan og standþiljum að ofan en loftið er klætt spjaldareitum. Bakdyraskúr er klæddur strikuðum panelborðum að innan. Í kjallara er veggur undir miðju húsi. Veggir eru múrsléttaðir, gólf steinsteypt og múrhúðað. Húsið er allt málað að innan nema súðargeymslur vestan megin.“⁷⁷



Gamli iðnskólinn við Skólabraut byggður 1912. Ljós. Ólafur Árnason. Ljósmyndasafn Akraness.



Grund Vesturgötu 47. Ljós. Ólafur Árnason. Ljósmyndasafn Akraness.

Ekki eru öruggar vísbendingar um það að byggð hafi verið steinsteypuhús á Akranesi fyrr en eftir aldamótin 1900 og er elsta varðveitta húsið Gamli iðnskólinn við Skólabraut sem byggður var 1912 sem barnaskóli og hýsti síðar gagnfræðaskólann áður en iðnskólinn fékk þar inni. Form hússins og frágangur tekur mið af nýklassík og verður hvað augljósast í flatsúlum á milli glugga, einföldum kröppum undir þakskeggi og þakforminu. Einar Erlendsson arkitekt teiknaði húsið og Jens Eyjólfsson byggingameistari byggði það.⁷⁸

Skömmu síðar, árið 1913, var Grund byggð við Vesturgötu 47.⁷⁹ Þar koma nýklassísk stílláhrif einnig vel í ljós í húsformi og valmaþaki og kröppum undir þakskeggi.

Ásgarður við Kirkjubraut 17 var byggður 1924. Hér gætir nýklassískra áhrifa í húsformi og gluggagerð og undir þakskeggi er kverkband um húsið en fíngert skreyti uppaf á þakbrúninni. Húsið stendur ennþá en er gjörbreytt.



Grund Vesturgötu 47. Krappar undir þakskeggi.



Ásgarður Kirkjubraut 17. Ljós. Ólafur Árnason. Ljósmyndasafn Akraness.

Á þessum árum eru einnig byggð hús með krossreist þök og klassískt skreyti undir þakskeggi, oft sem múrkrónur í mismunandi útfærslum, og einnig með múruðum vindskeiðum undir þakbrúnunum.

Eitt þessara húsa er Aðalból við Melteig 9 sem byggt var 1920. Á því er skreyti undir þakskeggi og múruð vindskeið sem dregin er niður á hornið og lokar af múrkrónuna en sjálf er vindskeiðin sveigð á neðri brún. Múraðar vindskeiðar í svipaðri útfærslu getur að líta á t.d. Vatnsfjarðarkirkju sem byggð var 1911-1912 eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar húsameistara. Á Akranesi eru



Aðalból Melteigi 9, byggt 1920. Múrkróna undir þakskeggi og múruð vindskeið sveigskorin neðanvert.

vindskeiðar með álíka útfærslu á mörgum timburhúsum sem byggð voru skömmu fyrir 1930 og þeim hefur að auki verið bætt við á mörg timburhús hin síðari ár.

Við sömu götu nr. 4 stendur annað hús sem byggt er undir nýklassískum stílhárfum en öllu meira er lagt í skreyti þess og frágang allan en hússins nr. 9. Það var byggt árið 1931 eftir teikningum Ingimars Kristjáns Magnússonar (1891-1978) húsasmíðs en hann byggði mörg hús á Akranesi sem bera listfengi hans fagurt vitni.




Melteigur 4, byggt árið 1931.



Haraldarhús 1924. Ljós. Haraldur Böðvarsson. Haraldarhús.

Íbúðarhús Haraldar Böðvarssonar athafnamanns og Ingunnar Sveinsdóttur var byggt við Vesturgötu 32 á árunum 1924-1925 eftir teikningum Sverre Hansen verkfræðings. Þakformið með gaflsneiðingum og stórum miðjukvisti á sér fyrirmynd í barrok og síðar risu mörg hús á Skaganum sem svipar til Haraldarhúss þótt minni séu að stærð og íburði.

Nýbarrok á sér nokkra verðuga fulltrúa frá þessum tíma. Auk Ingimars teiknaði Einar Þórður Helgason (1901-1995) húsasamíðameistari slík hús og mörg önnur eins og vikið verður að síðar. Eitt þeirra stendur við Merkurteig 10 og var byggt árið 1931. Sérkenni nýbarrokhúsa á þessum árum felast öðru fremur í stórum kvistum, gjarnan hjámiðja, bogadregnum göflum og kvistum sem skreyttir eru með múrbrúnum.



Merkurteigur 10, byggt 1931. Einar Þórður Helgason húsasamíðameistari.



Fiskverkunarhús Haraldar Böðvarssonar, Vaskhúsið, byggt 1916. Ljós. óþekktur. Ljósmyndasafn Akraness.

Haraldur Böðvarsson lét árið 1916 byggja tvílyft steinsteypt fiskverkunarhús, Vaskhúsið svonefnt, við Breiðargötu. Útveggir og gólf jarðhæðar eru steinsteypt en milliveggir, milligólf og þak smíðað úr timbri. Húsið ber þess glögg merki að vandað hefur verið til hönnunar þess og smíði og skal í þessu samhengi sérstaklega bent á raðboga undir þakskeggi, glugga og frágang efri hæðar.



Vaskhúsið, raðbogar undir þakskeggi.


Fleiri mannvirki sem tengjast sjósókn má nefna. Tveimur árum síðar var byggður steinsteyptur viti yst á Syðriflós eftir teikningum Thorvalds Krabbe verkfræðings. Í bókinni *Vitar á Íslandi* er gamla Akranesvita þannig lýst:

„Vitinn er tíu metra hár, ferstrendur, og við hann er anddyri. Sjálfur turninn er í þremur meginhlutum. Af breiðri jarðhæð rís mjórri og hærri miðhluti og af honum efsti hlutinn, jafnbreiður og jafnhár jarðhæðinni. Efst á turninum er kverkband undir stölluðu þakskeggi og upp af því járnhandrið og loks ljóshúsið. Sex krosspóstagluggar eru á vitanum, tveir á jarðhæð og einn á hverri hlið á efsta hluta hans. Þar sem miðhluti turnsins mætir jarðhæð og efsta hlutanum er flái á veggjum, svo og upp af veggjum anddyris.“⁸⁰

Þetta var reyndar ekki fyrsti vitinn á Akranesi því 1. mars 1891 var kveikt á ljóskerri á Akurshól á Teigakotslóð að frumkvæði manna sem tengdust útgerð.⁸¹ Árið 1937 var byggður innsiglingarviti fyrir Akraneshöfn upp af Krossvík eftir teikningum verkfræðinganna Benedikts Jónassonar og Axels Sveinssonar.⁸²



Byggingu Akranesvita lokið 1918. Ljós. Thorvald Krabbe. Verkfræðingafélag Íslands.



Bárugata 17, byggt 1933. Einar Sveinsson arkitekt.



Bárugata 17, upprunalegt útlit bakhlíðar. Ljósmynd. Óþekktur. Ljósmyndasafn Akranes.



Skólalbraut 19, byggt 1936. Ljósmynd. Óþekktur. Ljósmyndasafn Akranes.

Upphaf fúnkis eða notagildisstefnu í byggingarlist hér á landi er miðað við hönnun Sigurðar Guðmundssonar arkitekts á einbýlishúsi Ólafs Thors við Garðastræti 41 í Reykjavík árið 1929. Akurnesingar fylgdu brátt í fótsporinu og árið 1933 teiknaði Einar Sveinsson arkitekt, er síðar varð húsameistari Reykjavíkurborgar, íbúðarhús við Bárugötu 17 fyrir Ólaf Jónsson. Húsið var tvílyft og á því stórar þaksvalir ásamt þakstofu á þriðju hæðinni. Flata þakið virðist ekki hafa gefið góða raun og áratug síðar var byggt yfir þaksvalirnar og valmápak sett á húsið.

Raunin varð sú að flöt þök fúnkishúsa reyndust illa og brátt voru húsin aðlöguð íslenskum aðstæðum, sett á þau valmáþök og veggir ýmist varðir með sléttri múrhúðun, steiningu, hraunmúr eða skeljasandsmúr. Byggingameistarar á Akranesi tóku brátt að teikna og byggja fúnkishús og náðu sumir hverjir góðum tókum á verkefninu. Einn þeirra var Einar Þ. Helgason húsasmíðameistari sem m.a. teiknaði þrýðileg fúnkishús. Eitt þeirra var byggt við Skólalbraut 19 árið 1936 og er sérstakt fyrir súlur eða stuðla á hornum hússins sem voru

húðaðar dökkri steingu ásamt vatnsbrettum undir gluggum.

Annað hús eftir Einar stendur við Vesturgötu 87 og var byggt 1942. Húsið er hæð á kjallara, eru breiðar tröppur upp að útidyrum og við þær skjólveggur og skyggni. Inndregnar svalir eru á framhlið og gengur þak hússins út yfir þær að hluta til. Á húsinu eru horngluggar, steinsteypt þakskegg og lágt valmaþak.



Vesturgata 87, byggt 1942. Einar Þ. Helgason húsasmíðameistari.

Axel Sveinsson verkfræðingur teiknaði um þessar mundir Akranesvita sem byggður var á árunum 1943-1944 og tekinn í notkun 1947.

„Akranesviti er 19,2 m hár sívalur, kónískur turn með 3,5 m hátt sænskt ljóshús á steinsteyptri undirstöðu. Akranesviti stendur á lóðréttum sökkli, áttstrendum hið ytra en sívölum hið innra. Út frá hverju horni sökkulsins gengur stoðveggur. Þeir styttest þegar ofar dregur og eru bogadregnir efst, þar sem þeir ganga að stalli á mótum sökkuls og meginturns. Dyr eru á milli tveggja stoðveggja og skyggni þvert á milli þeirra yfir dyrunum. Upp af því er lóðrétt röð níu gluggaopa með hleðslugleri fyrir og önnur gluggaröð er andspænis þeim á turninum. Efst á vitaturninum er efnismikið steinsteypt handrið með rimlum, lóðréttum hið innra en bogadregnum hið ytra. Þeir ganga vel út yfir turnveggi neðst en hallast inn á við efst að steinsteyptri slá sem gengur milli þeirra allan hringinn. Akranesviti var húðaður með kvarsí en árið 1989 var vitinn kústaður með hvítu þéttiefni en sökkull með gráu en árið 2002 var sökkullinn einnig kústaður hvítur. Í vitanum eru fjögur steinsteypt milligólf og stigar milli hæða í miðlínu milli gluggabanda.“⁸³




Akranesviti, byggður 1943-1944. Axel Sveinsson verkfræðingur.

Fúnkishús með norrænum áhrifum sjást austarlega á könnunarsvæðinu, t.d. við Vesturgötu, og eru þau sömu gerðar og hús sem byggð voru í Smáibúðahverfinu í Reykjavík á milli 1950 og 1960. Brekkubraut 13 er eitt margra þessara húsa og var byggt árið 1955 eftir teikningu Jóns Guðmundssonar (1906-1965) húsasmíðameistara. Það er reyndar ofsagt að húsið sé eins og teikningin sýnir en við byggingu margra þessara húsa er vikið frá teikningum en mismikið þó. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á sumum húsum þessarar gerðar og einna verst hafa orðið úti húsin við Vesturgötu á milli Háholts og Stillholts.



Brekkubraut 13, byggt 1955. Jón Guðmundsson húsasmíðameistari.



Póstur og sími Kirkjubraut 37, byggt árið 1958. Gísli Halldórsson arkitekt.

Upp úr 1950 gætir aftur áhrifa alþjóðlegs fúnksjónalisma þó svo áherslurnar séu aðrar en upp úr 1930. Burðarvirki er oft gert sýnilegra en áður, veggfletir undir gluggum eru þynnri og gjarnan málaðir í öðrum litum en aðrir veggir hússins, þök eru með lágu risi, oft skúrþök eða þeim hallar jafnvel inn að miðju og flöt þök koma aftur fram. Af stærri húsum má í þessu sambandi benda á hús Pósts og síma við Kirkjubraut 37 byggt árið 1958 eftir teikningum Gísla Halldórssonar arkitekts, glæsileg bygging í upprunalegri gerð sinni.



Grundartún 8, byggt 1957. Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt.

Af íbúðarhúsum þessarar gerðar má nefna Grundartún 8 byggt 1957 eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar arkitekts. Þá ber að nefna eitt af mörgum húsum Jóhannesar Ingibjartssonar byggingafræðings, t.d. það sem byggt var við Deildartún 2 árið 1963.



Deildartún 2, byggt 1963. Jóhannes Ingibjartsson byggingafræðingur.

Sérkenni húsanna



Timburhús og steinsteypt hús við Suðurgötu.

Mikill fjölbreytileiki í húsagerðum hvað varðar byggingarefni, form og byggingarlist er áberandi þegar lítið er yfir húsin á Skipaskaga. Nægir í sjálfu sér aðeins að líta til byggingarára húsanna til að útskýra þennan fjölbreytileika (kort 23). Húsin voru byggð á löngu tímabili eins og berlega kemur fram á meðfylgjandi korti yfir byggingarár þeirra og á kortum í Viðauka þar sem sýnd eru hús sem byggð eru á tilteknum 25 ára tímabilum.

Á korti 16, sem sýnir byggingarefni húsanna, kemur það líkast til mörgum á óvart, að ekki séu fleiri timburhús á Skipaskaga en þar kemur fram. Þau eru aðeins 92 að tölu en að auki er nokkur fjöldi timburskúra á svæðinu sem ekki eru taldir með hér. Lætur því nærri að sjötta hvert hús sé timburhús en hin eru byggð úr steinsteypu, þar með talin eru hús byggð úr vikursteypu eða hlaðin úr steypum steinum.

Timburhúsin eru hins vegar mjög áberandi í bæjarmynd Akraness þrátt fyrir að fjöldi þeirra sé ekki meiri. Það ræðst annars vegar af því að þau er flest að finna við fjölförnu göturnar: Skagabraut, Kirkjubraut, Skólabraut, Suðurgötu og Vesturgötu. Staðsetning einstakra timburhúsa úti við götu eða gangstétt gerir þau einnig meira áberandi í götumyndum en t.d. yngri steinsteypt hús sem standa innan um þau en innar á lóðum og er Vesturgata augljósasta dæmið um það. Þá standa sum timburhús saman í þyrpingum sem gerir þau einnig áberandi í götumyndinni eins og tilfellið er um Suðurgötu næst Akurshól.

Timburhúsin eru flest reist á kjallara, ein hæð og með rispaki og voru jafnan klædd bárujárni. Sum þeirra eru portbyggð og á öðrum er ríslág þök. Þessi formeinkenni eiga einnig við um mörg steinsteypt hús sem byggð voru fram yfir 1930. Saman mynda þessi hús heildir og styrkja ásýnd einstakra götumynda, þó svo að byggingarefni þeirra séu ólíkt. Enn má nefna sem dæmi Suðurgötu í næsta nágrenni við Akurshól. Húsin snúa með langhlið



Steinsteypt hús og timburhús við Heiðargerði.

samsíða götu, inngangur er ýmist á gaflri eða á bakhlið, oft um bísлаг.

Af lýsingu og ljósmyndum af Skipaskaga í lok 19. aldar kemur fram að byggðin var mjög dreifð en á einstökum lóðum eða löndum stóðu saman nokkur hús – íbúðarhús og útihús margsskonar. Á 20. öld þéttist byggðin, lóðum var skipt og byggt á þeim og ný hús voru byggð í stað þeirra sem úr sér gengu eða gátu ekki uppfyllt auknar kröfur um gæði íbúðarhúsnæðis. Margar lóðir héldust samt sem áður stórar lengi vel og víða voru tún eða garðar á milli þar sem Skagamenn ræktuðu kartöflur. Skúrar voru einnig byggðir til margvíslegra nota en á seinni helmingi aldarinnar voru einkum byggðir stakstæðir bílskúrar inni á lóðum íbúðarhúsa eða að þeir voru byggðir við húsin sjálf. Á síðasta fjórðungi 20. aldar verður sú breyting að farið var að byggja íbúðarhús með innbyggðum bílgeymslum, ýmist í hálfniðurgrofnum kjöllum eða á jarðhæð.

Steinsteypt hús eru, eins og fram hefur komið hér að framan, yfirgnæfandi hvað fjölda varðar. Formgerð elstu steinsteyptu húsanna er svipuð og timburhúsa en þegar tekið var til við að byggja fúnkishús upp úr 1930 kom fram ólíkt húsform. Fúnkishúsin voru ein hæð og með valmapaki eða, eins og algengara var, kjallari og hæð með valmapaki og einnig voru byggð tvílyft hús. Veggir húsanna voru ýmist húðaðir steinmulningi eða skeljasandi en sum hús voru þó sléttmúruð og þök klædd bárujárni.

Fúnkishúsin standa við flestar götur á Skipaskaga og eru áberandi í götumyndum þeirra. Grunnform þeirra er ýmist ferningur, ferhyrningur eða samsett úr fleiri ferhyrningum. Við þau eru oft tröppur með breiðum dyrpalli sem nýtast sem svalir, og skjólveggur og skyggni við dyrnar. Fúnkishúsin standa ýmist við gangstétt eða götu eða inni á lóðum í samræmi við skipulag.

Viðhald og breytingar



Sandar á Byggðasafninu í Görðum, vönduð viðgerð húsa í safninu er til fyrirmyndar.

Þegar hús á Neðri-Skaga eru skoðuð nú um stundir og jafnframt hugað að upprunalegu útliti þeirra verður ljóst að margvísleg sjónarmið hafa ráðið viðhaldi húsanna sem enn fremur hefur leitt til ýmissa breytinga á þeim. Þá hafa breytingar á notkun ásamt auknum kröfum til húsnæðis einnig leitt til margvíslegra viðbygginga, eða að hús hafi verið hækkuð um hæð eða þaki lyft til að fá aukið rými.

Að öllu jöfnu er stöðugt viðhald húsa bæði nauðsynlegt og jafnframt ódýrasti kosturinn þegar til lengdar lætur. Hús sem ekki fær nauðsynlegt viðhald lætur fljótt á sjá en það er hins vegar ekki merki um að húsið sé illa byggt eða kollvarpa þurfi uppbyggingu þess og frágangi. Það er ekki góð vinnuregla að breyta sérkennum húsa og reyna, fyrir misskilning, að gera þau „finni“ en efni standa til. Timburhúsum á Skaganum, sem mörg hver eru af alþýðlegri gerð og án skrauts í upphafi, hefur sumum hverjum verið breytt og settir á þau gluggafaldar þar sem áður voru falskir faldar málaðir á bárujárn eða krappar verið settir við gluggafalda.

Heillavænlegast er að miða viðhald húss við upprunalegt útlit þess og frágang þó svo að í stöku tilvikum þurfi að gera vissar tæknilegar betrubætur til að tryggja betur varðveislu einstakra byggingarhluta. Slíkar betrubætur geta t.d. falist í því að laga frágang vatnsbretta undir gluggum timburhúsa með því að fella þau inn undir undirkarm eða setja tvöfalt gler í glugga. Efnisval bárustáls getur breytt gömlu timburhúsi verulega. Formálaðar plötur leyfa ekki sama frágang og hefðbundnar heitgalvanhúðaðar eða alúsinkhúðaðar plötur. Málning springur af þegar formálaðar plötur eru beygðar fyrir horn og því eru settar sléttar blikkáfellur á horn en við það eitt breytist útliti húsa verulega. Þá er negling báruplatna mismunandi eftir efni þeirra því taka þarf tillit til tæringarhættu.



Suðurgata 62 B, hefur nýlega verið endursteynað.

Steinsteyptum húsum, og þá sérstaklega fúnkishúsum, hefur mörgum hverjum verið breytt verulega með því að klæða veggir þeirra með margvíslegu formuðum stálplötum og um leið hafa byggingarlistarleg sérkenni þeirra og efnisval farið forgörðum. Í olíukreppunni upp úr 1970 var farið að einangra og klæða húsin að utan en nú er svo komið að klæðning margra húsa er komin að fótum fram. Útlit sumra húsa setur nú þegar slæman blett á sumar götumyndir og einstaka húsasamstæður. Það er því tímabært að huga að leiðum við viðhald þessara húsa, það er ekki sjálfgefið að klæða eigi þau að nýju með stálplötum, steinhúðuðum plötum eða plastpanel. Þá er því miður mjög algengt að gluggum, sem kallaðir hafa verið augu húsanna og eru jafnframt viðkvæmstu byggingarhlutar þeirra, hafi verið breytt bæði að gerð og efni.

Á skráningarsvæðinu suðvestan Stillholts eru um 60% húsa sem telja má til fúnkis og modernisma og því er mjög mikilvægt að móta stefnu í deiliskipulagi um útlit þeirra, efnisval klæðningar og litaval. Benda má á mörg glæsileg hús á Akranesi sem mega muna sinn fífil fegri en það eru einnig dæmi um hús sem nýlega hafa fengið gott viðhald og ættu að verða öðrum hvatning til dáða. Sum þessara húsa hafa verið endursteynuð ofan á múr en önnur steinuð á einangrun en slíkar viðhaldsframkvæmdir krefjast einnig vandaðra vinnubragða.

Húsafriðunarnefnd hefur gefið út leiðbeiningarit um viðgerðir húsa þar sem nálgast má upplýsingar um viðgerðir og frágang húsa: *Ágrip íslenskrar húsa-gerðarsögu; Gömul timburhús – útveggir, grind og klæðning; Trégluggar og Steinuð hús – varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining*. Þær má nálgast á rafrænu formi á heimasíðu nefndarinnar www.husafriidun.is. Þá má einnig mæla með ritinu *Bárujárn* sem Minjavernd gaf út árið 1995.



Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2008.

Byggingartímabil: - 2008.

Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt FAÍ.

Kort 23. Dags: 29.12.2008. Kvarði: 1:10 000 (A4).

Akraneskaupstaður. Skipulags- og umhverfisstofa.

Kortagrunnur Ísgraf ehf.



Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2008.

Byggingarefni: Timbur, steinsteypa og stál.

Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt FAÍ.

Kort 16. Dags: 29.12.2008. Kvarði: 1: 10 000 (A4).

Akraneskaupstaður. Skipulags- og umhverfisstofa.

Kortagrunnur Ísgraf ehf.

Bæjarumhverfi



Horft yfir Skipaskaga. Ljós. Friðþjófur Helgason. Ljósmyndasafn Akraness.

Ríkjandi þættir

Ríkjandi þættir eru áberandi sérkenni og rýmismynstur bæjar af sjónlistarlegum toga, ýmist í bæn-um sjálfum eða milli hans og umhverfis hans. Þessir þættir geta verið bæjarmynd, ásýnd byggðar og landslags, aðalगतnakerfi eða þá áberandi byggingar, kennileiti, göturými, torg eða opin svæði.

Ríkjandi þættir í bæjarumhverfi Skipaskaga eru einkum þessir:

- Lega bæjarins á löngum skaga með tiltölulega lágreistri byggð (að mestu 1 – 2½ hæða húsum) en háreistum og umfangsmiklum húsum við hafnar-svæðið og á öðrum athafnasvæðum næst ströndinni.

- Land er lágt og flatneskjulegt en hæðarmunur er nokkur við fjörur á Skaganum að suðaustanverðu en þar er umtalsverð landfylling. Sjóvarnargarðar eru meðfram ströndinni.

- Íbúðahús standa ekki mjög nærri fjöruborði nema þá á baklóðum við Vesturgötu, en þau hús eru aðflutt. Sum fiskvinnsluhús og önnur iðnaðarhús standa nærri fjöruborði.

- Götur liggja í nokkurri fjarlægð frá fjöruborði


og á skráningarsvæðinu eru Bakkatún og Faxabraut einu göturnar sem liggja meðfram ströndinni. Við Bakkatún, sem er ein af elstu götum bæjarins, var húsum kaupmanna komið fyrir upp af lendingu og bryggju við Lambhússund en Faxabraut var lögð á uppfyllingu eftir að Sementsverksmiðjan var byggð.

- Akratorg er helsta torg Akraness og skurðpunktur helstu gatna á Skipaskaga. Opin svæði eru víða um bæinn og sum þeirra voru fest í sessi í aðalskipulagi 1927 þó svo að nýting þeirra sé með öðrum hætti en þá var fyrirhugað.


- Helsta kennileiti eða áberandi mannvirki á Akranesi er reykháfur Sementsverksmiðunnar sem sést víða að frá sjó og landi. Hann er í senn veður-viti og dagmerki sjómönnum á Faxaflóa. Mannvirki Sementsverksmiðunnar, bræðslunnar og annarra húsa á Breiðinni og Grenjum eru mjög áberandi í bæjarmyndinni og sjást sum hver vel frá Reykjavík.

- Ásýnd byggðar og landslags einkennist öðru fremur af hinu náttúrulega – sjónum og fjörinni – og hinu manngerða – byggingum og mannvirkjum – og því nána samspili sem myndast milli náttúru og byggðar.

Byggðamynstur



Landnotkun á Skipaskaga samkvæmt aðalskipulagi Akraness 2005-2017, hluti. Innan skráningarsvæðis eru íbúðar-, miðbæjar- og stofnanasvæði.



Gatnakerfi Skipaskaga einkennist af löngum og beinum götum eftir Skaganum og stuttum þvergötum, oft sveigðum, á milli þeirra.

Byggðamynstur er fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðir, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnotkunar. Líta má á byggðamynstur sem þrívíddarlegt mynstur þess sem byggt er og rýmisins þar á milli (byggingar og götur), stærðar reita (sem gatnakerfið afmarkar) og stefnu (afstöðu til átta). Hver bær, bæjarhluti, eða reitur getur haft mismunandi bæjarmynstur sem ræðst af götum, stígum, torgum, opnum svæðum, lóðastærð og fyrirkomulagi og gerð húsa.

Þegar lítið er til byggðamynsturs Skipaskaga kemur í ljós að:

- Gatnakerfi innan skráningarsvæðisins er tiltölulega reglulegt með suðvest-norðaustlægum götum, Vesturgata og Kirkjubraut og Akursbraut í framhaldi af henni, sem fylgja legu Skagans. Skólabraut, Mánabraut og Suðurgata brjóta upp þessar meginlínur og í skurðpunktum þeirra eru athyglisverð göturými – Akurtorg og vísir að kirkjutorgi er á mótum Skólabrautar og Laugarbrautar. Bogadregið form Mánabrautar er sérstakt en auðar lóðir við götuna, sem sumar eru notaðar sem bílastæði, draga úr heildarmynd göturýmisins sem og mannvirki Sementsverksmiðjunnar sem að stærð og formi eru gjörólík íbúðabyggðinni.

- Nokkrum götum samsíða legu Skagans hefur verið lokað eða breytt, t.d. Sóleyjargötu og Heiðargerði/Heiðarbraut og Sunnubraut.

- Þvergöturnar sem liggja um Skagann frá norðvestri til suðausturs hafa einnig sín sérkenni. Þær eru lítið eitt sveigðar og göturýmin því lokuð ýmist vegna forms götunnar eða vegna þess að hús standa fyrir enda þeirra, t.d. Grundartún, Deildartún og Akurgerði. Göturnar ná ýmist yfir þveran Skagann eða eru styttri, jafnvel aðeins á milli tveggja gatna, t.d. Víðigerði.

- Nýbygging við Kirkjubraut rýfur þó Akurgerði og má gagnrýna þá byggingu út frá bæjarumhverfislegu tilliti þó svo að byggingin sé í sjálfu sér ágæt. Fleiri þvergötum hefur verið lokað, einkum suðaustarlega á skráningarsvæðinu: Arnarholti, Háholti og Stekkjarholti.

- Á Neðri-Skaga standa hús ýmist úti við gangstétt eða inni á lóð en á Efri-Skaga, norðaustan við Merkigerði, standa vel flest hús inni á lóð.

- Húsagerðir á skráningarsvæðinu eru fjölbreyttar en áberandi munur er á húsgerðum, neðan og ofan Merkigerðis sem felst í því að á Neðri-Skaga er mikil fjölbreytni í húsgerðum hvað tekur til byggingarefnis, forms og hæðar, en húsgerðir verða færri og samstæðari þegar kemur ofar á Efri-Skaga.

- Greinileg skil eru á milli íbúðasvæða og athafnasvæða hvað varðar stærðir húsa. Fyrirferðarmest eru húsin á iðnaðar- og hafnarsvæðinu á Skaganum suðvestanverðum, Breiðinni og á slíppsvæðinu á Grenjum. Hús mikillar fyrirferðar eru enn fremur norðaustan Merkigerðis, við Stillholt og Ægisbraut og reyndar má bæta við þessa upptalingu fáeinum húsum við Kirkjubraut.

- Gróflega má afmarka eldri hluta – eða öllu heldur fjölbreytilegri hluta – byggðarinnar sem svæðið á milli Bárugötu/Bakkatúns í suðvestri en í norðaustri um Merkigerði milli Vesturgötu og Kirkjubrautar og um Skagabraut austur að gatnamótum Suðurgötu.

- Yngri hluti byggðarinnar – eða einsleitari hluti hennar – er norðaustan þessarar marka. Um miðbik þess svæðis eru greinileg skil um Háholt en norðaustan þess eru flestöll hús byggð eftir 1950. Það er ekki einhlítt að draga ákveðin mörk milli annarra svæða út frá byggingarári húsa einu saman vegna þess að hús á flestum svæðum eða við sömu götu eru frá mismunandi tímum. Staðsetning húsa á lóð, form og stærð lóða og innbyrðis afstaða húsanna skiptir hér miklu máli. Í eldri hlutanum eru íbúðarhús af ýmsu formi en þar má þó helst nefna hús sem eru kjallari, hæð og með krossreist þak eða einnar eða tveggja hæða hús með valmaþak.

- Norðaustar á skráningarsvæðinu, suðaustan Kirkjubrautar, við Stekkjarholt og Háholt, eru fúnkishús, flest tvílyft og með valmaþaki og hús svipaðrar gerðar eru m.a. við Skagabraut austarlega, Sandabraut og Jaðarsbraut. Við Stekkjarholt og Háholt á milli Heiðarbrautar og Kirkjubrautar eru tví- og fjórbylshús, flest tvílyft á kjallara og með skúrþaki. Í Mýrinni, norðarlega á skráningarsvæðinu, á milli Vesturgötu, Háholts, Heiðarbrautar og Stillholts, eru einbýlishús, flest kjallari, hæð og ris, svonefnd smábúðahús.



Mannvirki Sementsverksmiðjunnar og fiskvinnsluhús á hafnarsvæðinu og Breiðinni eru mjög áberandi í bæjarmyndinni og loka nánast af íbúðarbyggðina á Skaganum.



Á Neðri- Skaga eru húsin fjölbreytileg að gerð og byggingarefni og standa mörg hver frammi við götu og mynda þétta byggð.



Við Jaðarsbraut og fleiri götur norðaustarlega á skráningarsvæðinu standa fúnkishús, sem ýmist eru tvílyft eða ein hæð á háum kjallara.



Norðaustan við Háholt standa mörg smábúðahús sem mynda heilstæðar götumyndir eins og hér við Brekkubraut.

Einstök göturými og áberandi hús



Kalmansbraut sé frá gatnamótunum við Esjubraut.

Þriðji þáttur bæjarumhverfis tekur til samstæðna húsa, göturýma eða einstakra húsa sem eru sérstaklega áberandi vegna staðsetningar, gerðar eða útlits. Sem dæmi má nefna hús við enda götu, við torg eða á hæð í bænum, eða hús sem sökum stærðar, forms eða hæðar eru kennileiti. Fjallað er um húsin með hliðsjón af gildi þeirra fyrir svipmót og sjónlist bæjarins. Hér verður nokkrum göturýmum lýst.

Kalmansbraut og Kirkjubraut

Eftir endilöngum Skipaskaga liggur Kirkjubraut, og í framhaldi af henni Kalmansbraut, að þjóðleiðinni innanvert við Akrafjall á milli Akraness og Borgarfjarðar. Með tilkomu Hvalfjarðarganga hefur umferð utanvert við Akrafjall aukist verulega. Aðal leiðin til og frá Akranesi er samt sem áður ennþá að norðaustanverðu um þjóðveginn að Kalmansbraut. Síðla árs 2008 var opnað fyrir umferð um Þjóðbraut, á milli þjóðvegarins og Stillholts, að Faxabraut.

Kirkjubraut má telja helstu götu bæjarins og við hana er verslun og þjónusta af ýmsum toga. Gatan ber margvísleg merki skipulagssjónarmiða sem einkum miðuðu að því að tryggja sess hennar sem aðal verslunargötu Akraness sem jafnframt tengdi hafnarsvæðið – ferjusiglingar – við þjóðvegakerfið.

Áður en hugað er frekar að Kirkjubraut er ekki úr vegi að líta aðeins á Kalmansbraut eins og hún blasir við vegfarendum þegar komið er eftir þjóðveginum að gatnamótum Esjubrautar, þó svo að gatan sé utan hins afmarkaða skráningarsvæðis.



Kalmansbraut, gatnamótin við Esjubraut efst t.h.



Opið svæði og klapparholt við Kalmansbraut.

Kalmansbraut er ein akrein í hvora átt og meðfram henni hvorum megin er breið grasflöt og gangstétt yst. Norðvestan götunnar, næst Esjubraut, eru einlyft einbýlishús en tvílyft raðhús suðvestar. Þau standa við botnlangagötur frá Vogabraut sem eru lokaðar að Kalmansbraut. Handan götunnar eru einlyft einbýlishús við Esjuvelli með aðkomu frá Esjubraut. Tré og runnar eru á lóðum meðfram gangstéttunum hvorum megin.

Um miðja vegu á milli Esjubrautar og Stillholts breytir göturýmið um svip. Að norðvestan er allstórt fallett opið svæði og í því klapparholt með runna- og tjágróðri, en fjær við Vogabraut eru heimavist fjölbrautarskólans og tvö einbýlishús. Svipað yfirbragð hefur svæðið milli Kirkjubrautar og sjúkrahússins. Suðaustan götunnar eru hins vegar verslunarhús og bílastæði og bílastæðahús og háhýsi við gatnamót Kalmansbrautar og Stillholts.

Sé litið á göturými Kalmansbrautar er vart unnt að segja annað en að þeir sem þar fari um hafi það á tilfinningunni að komið sé bakdyramegin til bæjarins. Tæplega er hægt að halda því fram að álíka göturými með afgirtum bakgörðum að götu og lokaðum botnlangagötum, bjóði vegfarendur velkomna.



Bílastæði og verslunarhús við Kalmansbraut.



Gatnamót Kalmansbrautar, Kirkjubrautar og Stillholts.

En víkjum nú aftur að Kirkjubraut og hefjum för við gatnamót Stillholts, sem eru geysilega stór og fyrirferðarmikil miðað við stærð bæjarins og umferð. Suðaustan gatnamótanna stendur húsið Hóll á lágum hól, einlyft fúnkishús með valmabaki. Hóllinn og trjágróður hvorum megin Kirkjubrautar þrengja göturýmið að hluta til. Við Kirkjubraut að suðaustanverðu næst gatnamótunum standa tvílyft fúnkishús, og reyndar einnig við Stekkjarholt. Næst gatnamótum Háholts er Oddfellowhúsið, þrílyft hús í anda skipulagstillögu frá 1977 sem áður er getið.

Handan gatnamóta Stillholts og Kirkjubrautar að norðvestanverðu eru smábúðahús og neðar við götuna standa eldri hús sem eru dæmigerð fyrir Skipaskaga; Landakot og Sigurstaðir og einlyft fúnkishús við gatnamót Háholts. Þessi hús afmarka göturými Kirkjubrautar en á milli Stillholts og Háholts er það allbreitt enda gatan hér fjórar akreinar og graseyja í miðju.



Kirkjubraut á milli Merkigerðis neðst t.v. og Stillholts efst t.h.



Kirkjubraut, Oddfellowhúsið t.v. og húsin handan götunnar afmarka að hluta til hið breiða göturými.

Á milli Háholts og Merkigerðis flæðir göturými Kirkjubrautar út þar sem hér er fátt bygginga. Gatan er hér áfram fjórar akreinar og graseyja í miðju og að auki eru bílastæði meðfram götunni framan við húsin. Að norðvestanverðu er fólksbílastöðin og símstöðin, bæði dregin inn á lóðirnar og standa fjarri götu en bílastæði eru framan við húsin. Næst símstöðinni er tvílyft fjölbýlishús sem snýr gafli að Kirkjubraut og enn norðvestar er sjúkrahúsið innarlega á stórrí vel hirtri lóð með trjágróðri.

Suðaustanvert við Kirkjubraut, á milli Oddfellowhússins og verkalyðshússins, er stórt svæði undirlagt bílastæðum og einnig umhverfis verkalyðshúsið. Við jaðar bílastæðaflæmisins er húsalína samsíða Kirkjubraut mynduð af húsunum Bjarnastöðum, apótekinu og Arnardal. Meðfram Kirkjubraut er trjáröð sem afmarkar að hluta til bílastæðin frá Kirkjubraut. Á þessum stað var gert ráð fyrir opnu svæði eða torgi í aðalskipulagi Akraness frá 1927 eins og getið er um í kaflanum *Þróun byggðar á Skipaskaga*. Bílastæði geta talist helstu einkenni Kirkjubrautar á milli Háholts og gatnamóta Skagabrautar, svo mjög setja þau svip á umhverfið.



Á þessum slóðum var gert ráð fyrir opnu svæði eða torgi í aðalskipulagi Akraness árið 1927.



Verkalyðshúsið t.v. við gatnamót Skagabrautar og símstöðin handan götunnar.

Sjálf gatnamót Kirkjubrautar og Skagabrautar eru fyrirferðarmikil. Á þessum slóðum standa hús þétt saman úti við gangstétt og hér byrjar viss afmörkun göturýmisins og við gatnamót Merkigerðis þrengist göturýmið verulega og þar er fyrst hægt að tala um eiginlegt og vel afmarkað göturými Kirkjubrautar.

Suðvestan gatnamóta Kirkjubrautar og Skagabrautar hallar Kirkjubraut að Akratorgi og göturýmið þrengist. Tvö fyrirferðarmikil hús eru suðaustan megin götunnar; Kaupþing og nýlegt verslunar- og íbúðarhús. Þau eru bæði dregin inn á lóð og breið gangstétt framan við þau. Bílastæði vestan við Kaupþing er lokað að Kirkjubraut með lágum vegg. Á milli húsanna stendur lítið timburhús innarlega á lóð sinni.



Akratorg neðst t.v. og Kirkjubraut að gatnamótum við Merkigerði efst t.h.



Horft eftir Kirkjubraut frá Merkigerði að Akratorgi. Þriggja og fjögrra hæða hús suðaustan megin götunnar varpa skugga á götuna og lægri hús handan hennar að norðvestanverðu. Í fjarska sést í Landsbankahúsið við Akratorg og húsið Hlið á horni Suðurgötu og Akursbrautar.

Norðvestan megin götunnar standa húsin frammi við gangstétt. Þau eru blanda formgerða og byggingarefnis en svipuð að stærð sem heldur þeim saman sem götumynd. Á baklóðum nr. 17A og 19 eru tvö fúnkishús og tók staðsetning þeirra mið af áformum um að breikka Kirkjubraut og rífa öll húsin við götuna að norðvestanverðu.

Smá hnykkur er á legu Kirkjubrautar við Merkigerði svo hún sveigir örlítið til suðurs. Þetta hefur í för með sér að þegar komið er eftir götunni frá norðaustri eru húsin norðvestan megin hennar meira áberandi í götumyndinni en húsin að suðaustanverðu. Sama á við þegar farið er norðaustur frá Akratorgi, að þá eru húsin að norðvestanverðu við Kirkjubraut næst Háholti áberandi og loka stjórnænt götunni.

Skuggamyndun er allveruleg frá nýja verslunar- og íbúðarhúsinu og við bestu skilyrði, á hádegi um mitt sumar, nær skuggi að gangstétt handan götunnar. Á öðrum árstímum fellur skugginn lengra yfir götuna og á húsin handan við hana. Þetta sýnir, augljóslega hversu varasamt er að byggja svona hátt og langt hús í þessu umhverfi. Takmarka verður því hæð og lengd húsa við slíkar aðstæður til að fá sólarljós í göturýmum og inn á milli húsa. Að auki rýfur nýbyggingin Akurgerði sem var ein af þver-

götunum á milli Vesturgötu og Suðurgötu.

Gamla kaupfélagshúsið á horni Akurgerðis er fínt hús með hornsneiðingu. Suðvestan við það er auð lóð notuð sem bílastæði og við hlið hennar stendur hús innarlega á lóð í samræmi við hugmyndir sem uppi voru um að breikka götuna.

Þegar dregur nær Akratorgi standa húsin þéttar, eru sambyggð tvö til þrjú saman og eru 2-3 hæðir, skuggamyndun er minni og göturýmið því bjartara.



Við Kirkjubraut næst Akratorgi eru húsin tveggja til þriggja hæða.

Akratorg

Akratorg verður til þar sem mætast Kirkjubraut, Skólabraut, Suðurgata og Akursbraut og er helsta torgmyndun í gamla bæjarhlutanum. Kirkjubraut er aðalaðkomuleið að torginu og þar skiptast leiðir að hinum tveimur aðalathafnasvæðum hafnarinnar. Annars vegar um Skólabraut og Krókatún að slippnum á Grenjum og hins vegar um Akursbraut að höfninni og Breið. Faxabraut léttir þungaflutningum af þessum götum og Akratorgi en umtalsverður hluti torgsins er nýttur fyrir bílaumferð – akbrautir og bílastæði. Lega nærliggjandi gatna, lokanir sumra þeirra og staðsetning þjónustu og verslana við Akratorg og einkum Kirkjubraut leiða umferð um torgið og er þá bæði átt við gangandi vegfarendur og á farartækjum.

Vart verður sagt að starfsemi við torgið sjálft né innrétting þess bjóði upp á það að fólk dvelji þar um lengri tíma. Helst eru það skipulagðir atburðir sem draga fólk að torginu til dvalar. Til samamburðar má líta til Skrúðgarðsins við Suðurgötu sem er tiltölulega vel afmarkað, skjólgott og sólríkt rými í norðangolunni – þegar þannig háttar til – og við garðinn er greiðasala og menningarstarfsemi og umferðargata aðeins á eina hlið hans.

Afmörkun Akratorgs sem torgrýmis ber keim af umferðargötunum sem að því liggja. Götur eru í jöðrum rýmisins á þrjá vegu. Tvö vegleg torghús – Lesbókin og Landsbankinn – afmarka torgið til austurs og vesturs. Lesbókin nær á milli Kirkjubrautar og Suðurgötu en Landsbankinn á milli Skólabrautar, Suðurgötu og Akursbrautar. Þessi tvö hús eru áberandi. Lesbókin blasir við þegar farið er eftir Skólabraut, Suðurgötu og Akursbraut að torginu og Landsbankinn blasir við frá Kirkjubraut, Suðurgötu og Akursbraut og reyndar einnig víða úr bænum.

Til norðurs afmarka Akratorg tiltölulega lág-reist hús – fulltrúar eldri timburhúsabyggðar á Skaganum – sem eru hluti götummyndar Skólabrautar en svipuð húsform eru við Kirkjubraut næst torginu. Götummynd þeirra samanstendur af mörgum húsgerðum rétt eins og við á um íbúðarhúsin þar norður af.

Til suðurs er afmörkun torgrýmisins ekki eins afgerandi. Má einkum leita orsaka þess í gatnamótum Akursbrautar og Suðurgötu í suðvesturhorni torgsins og þess að húsin við torgið sunnanvert afmarka það ekki á afgerandi hátt. Akurholt, Suðurgata 62, er einnar hæðar skúrbygging og austan við það er þrílyft hús við gatnamót Suðurgötu og Mánabrautar. Hvorugt þessara húsa teljast hafa sérstakt gildi í bæja- og húsakönnuninni.

Hlið, Suðurgata 52, stendur á hornlóð við gatnamót Suðurgötu og Akursbrautar en er mikilvægt í að afmarka Akratorg þó svo að húsið standi í nokkurri fjarlægð frá torginu sjálfu. Þegar horft er



Landsbankahúsið afmarkar Akratorg að vestanverðu á milli Suðurgötu og Skólabrautar.

eftir Kirkjubraut sést Hlið fyrir enda „götunnar“ og lokar henni sjónrænt til suðvesturs. Hús við Akursbraut nr. 22 og 24 hjálpa við afmörkun torgrýmisins og sjálfrar Akursbrautar, en bæði þessi hús eru tvílyft fúnkishús. Á baklóð, Suðurgötu 62B, stendur fúnkishús svipaðrar gerðar og hin tvö en vandaðra í alla staði hvað varðar viðhald.

Götur Akratorgs eru steinsteyptar en gangstéttir ýmist lagðar steinsteyptum hellum eða staðsteyptar. Grasflötur er austarlega á torginu, fáein tré, tveir bekkir og *Sjómaðurinn*. Af torginu eru sjónlínur eftir götunum sem að því liggja og til norðurs á milli húsa og ennfremur til suðurs út yfir höfnina.

Akratorg liggur vel við tengingum gatna og göngustíga í gamla bænum en skortir bæði útfærslu við hæfi og þau sérkenni sem það gæti haft þegar horft er til nánasta umhverfis þess. Lífæð Akurnesinga – höfnin – er beint suður af Akratorgi og með útfærslu á afmörkun torgsins til suðurs væri unnt að gefa því sérkenni umfram aðrar torgmyndanir hér á landi.

Verðlaunatillaga í samkeppni um skipulag Akratorgs lofar góðu um framtíðarfyrirkomulag torgsins og næsta nágrenni þess.



Lesbókin stendur á milli Kirkjubrautar og Suðurgötu og afmarkar Akratorg til austurs.



Þyrping svipaðra húsa við Suðurgötu sem eru byggð ýmist úr timbri eða steinsteypu og mynda heilstæða götumynd.

Suðurgata á milli Akratorgs og Háteigs

Við Suðurgötu að norðvestanverðu á milli Merkurteigs og Háteigs standa fáein timburhús sem flest eru kjallari, hæð og ris og ennfremur steinsteypt hús sömu formgerðar og reyndar einnig handan götunnar nærri Akurshóli. Saman mynda þau heild eða þyrpingu húsa sem er mikilvæg fyrir götumyndina. Þessar húsagerðir getur m.a. einnig að líta við Háteig og nærri gatnamótum Bárugötu og Vesturgötu og víðar við þá götu sem og Bakkatún. Hvert einstakt hús er mikilvægt þegar á heildina er litið en ekki einungis fyrir allra nánasta umhverfi þess. Víki slíkt hús eða sé því breytt verulega hefur það áhrif langt út fyrir nánasta umhverfi þess. Það þarf stundum ekki annað en að velja framandi liti þegar hús er málað til þess að rjúfa það jafnvægi sem form svipaðra húsa skapa í götumyndinni.



Akurshóll og Akursbraut neðst t.h. og samsíða henni Suðurgata, Sóleyjargata og Vesturgata. Neðst er Hafnarbraut og upp af henni Háteigur.



Tvílyft fúnkishús við Sóleyjargötu standa þétt saman og mynda sterka götumynd og eru jafnframt hluti heildar fúnkishúsa í næstu götum.

Við Suðurgötu, nær Akratorgi, eru aftur á móti mörg fúnkishús og fleiri hús sömu gerðar getur m.a. að líta við Vitateig og Sóleyjargötu. Mikilvægi hvers húss fyrir sig fyrir götumyndina og ásýnd heildarinnar er mikil og nægir að benda á í þessu samhengi þær afleiðingar sem klæðning útveggja getur haft eins og dæmi við götuna sýna.

Háteigur

Háteigur liggur í sveig eftir brekkubrún sem teygist frá Akurshóli, á milli Suðurgötu og Akursbrautar, og að Vesturgötu, gengt Bíóhöllinni. Landi hallar frá Sóleyjargötu að Vesturgötu en verulegur hæðarmunur er frá Háteigi að Hafnarbraut og Bárugötu. Húsaröð sunnanvert við Háteig stendur hátt yfir Hafnarbraut og grasbrekka meðfram henni afmarkar og skilgreinir göturýmið frá húsagörðunum og undirstrikar hæðarmuninn á milli Hafnarbrautar og Háteigs.

Umtalsverður munur er á formi og staðsetningu húsa við Háteig. Risþök eru á flestum húsum sunnan megin götunnar en valmaþak og skúrþak



Húsin við Háteig næst gatnamótum Suðurgötu standa við gangstétt.



Við gatnamót Sóleyjargötu er sveigur í legu Háteigs og hólbunga hjálpar til við að afmarka göturýmið.

eru á húsum norðan megin hennar. Næst Suðurgötu, standa hús við gangstétt en á milli Sóleyjargötu og Vesturgötu eru forgarðar við húsin. Sunnan megin götunnar eru forgarðarnir mjóir en allbreiðir norðan megin. Þegar dregur nær Vesturgötu eru húsin að sunnanverðu háreistari og lóðir þeirra hafnar upp yfir götuna um hálfan til einn metra en að norðanverðu er um eins metra hæðarmunur frá götu og niður á lóðirnar.

Leikvöllur við gatnamót Sóleyjargötu er útbúinn skeifulaga hólbungu að götunum tveimur sem afmarkar á hárfinan hátt göturýmið þar sem sveigur er í legu Háteigs. Girðingu um leikvöllinn og umhirðu hans mætti að ósekju vanda betur. Auðu lóðinni þar sem Stúkuhúsið stóð áður þyrfti að finna hlutverk við hæfi.

Frá gatnamótum Háteigs og Sóleyjargötu sjást ýmis kennileiti og áberandi byggingar í bænum t.d. kirkjuturninn í norðnorðaustri, Bíóhöllin og Slippurinn í norðvestri, vitarnir á Breiðinni í suðvestri, síló og reykháfur bræðslunnar í austri og reykháfur Sementsverksmiðjunnar í norðaustri.

Göngustígur er í framhaldi af Sóleyjargötu, suður að gatnamótum Hafnarbrautar og Bárugötu.



Mikil fjölbreytni er í húsgerðum við Háteig. Bíóhöllin lokar göturýminu til norðvesturs.



Við Vesturgötu standa húsin úti við götu og mynda, að sjá, vel afmarkað þröngt göturými.

Vesturgata

Vesturgata er alllöng gata og við hana standa allar húsagerðir sem byggðar voru á Akranesi á árabílinu frá um 1910 fram til um 1980. Staðsetning húsa við götuna er einnig í takt við þau skipulagssjónarmið sem uppi voru hverju sinni og breidd göturýmisins endurspeglar þau sjónarmið.


Af eldri ljósmyndum sem birts hafa hér að framan má ráða að breidd götunnar hafi ekki verið mikil og við timburhúsin sem nú standa frammi við gangstétt voru fyrrum forgarðar.

Í aðalskipulagi Akraness frá 1927 var gert ráð fyrir því að húsasamstæður stæðu til skiptis frammi við gangstétt eða inni á lóðum. Þetta eru ennþá helstu sérkenni Vesturgötu. Við götuna næst Túnunum standa húsin ýmist við götu eða inni á lóðum. Sama á við um hús norðaustar við götuna allt að Merki-gerði. Þar standa timburhús flest við götuna en yngri hús, oft fúnkishús, eru staðsett inni á lóðum sínum fjær götunni. Þessi staðsetning húsanna myndar misbreitt göturými sem gefur Vesturgötu sérkenni sín og gæði umfram margar aðrar götur.



Á milli húsanna sem standa frammi við gangstétt eru hús fjær götunni og úr verður misbreitt rými.

Varðveislumat húsa



Hús á íbúðar-, þjónustu- og miðbæjarsvæðum suðvestan Stillholts sem könnunin tók til.

Úttekt og mat á varðveislugildi

Við bæja- og húsakönnunina vestan Stillholts var gerð úttekt og lagt mat á varðveislugildi allra húsa á skráningarsvæðinu. Þó voru sum hús undanskilin könnuninni og ber þar fyrst að nefna bílskúra og aðra skúra á lóðum íbúðarhúsa og í öðru lagi hús fyrir margs konar atvinnustarfsemi við Ægisbraut og vestarlega við Vesturgötu og Hafnarbraut.

Skráðar voru upplýsingar um ytri gerð húsa og teknar af þeim ljósmyndir og upplýsingar um hvert þeirra færðar inn á skráningareyðublöð. Loks var varðveislugildi hvers húss metið út frá gildi þess fyrir byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunalega gerð og tæknilegt ástand. Við mat á varðveislugildi eru gefin tölugildi frá 1–9 þar sem hús með hæsta varðveislugildi fá 1. Húsum er skipt í þrjá flokka, þ.e. hús með hátt varðveislugildi (1–3), hús með miðlungs varðveislugildi (4–6) og hús með lágt varðveislugildi (7–9).

Varðveislugildi húsa getur verið mjög mismunandi eftir því hvort litið er til mikilvægis húss fyrir umhverfi þess eða til varðveislusjónarmiða með tilliti til menningarverðmæta. Við bæja- og húsakönnun er fyrst og fremst litið til mikilvægis

hvers húss fyrir umhverfi sitt og sveitarfélagið og varðveislugildi þess metið út frá því.⁸⁴

Á fundi og síðar skoðunarferð samráðsnefndar um könnunarsvæðið 11. janúar 2008 var ákveðið að við mat á varðveislugildi húsa yrði lögð mikil áhersla á gildi þeirra fyrir umhverfi sitt og að auki gildi þeirra fyrir byggingarlist og menningarsögu þar með talið gildi vegna byggingarsögu Akraness.

Þá var ákveðið að breytingar sem hugsanlega hafa verið gerðar á húsum og varða ytri frágang þeirra, svo sem á klæðningum og gluggum, ættu ekki að draga úr varðveislugildi húsa enda væru slíkar breytingar afturkræfar.

Þetta hefur í för með sér, svo dæmi sé tekið, að fúnkishús sem eru áberandi í götumyndum Akraness fá ekki lægra varðveislumat fyrir það eitt að þau hafi verið klædd stálklæðningu eða bárujúarni. Það kæmi fram í mati á því hvernig upprunalegt útlit húsa hafi varðveist og mati á tæknilegu ástandi þeirra.

Augljóst er að stálklæðningar, og þá sérstaklega Garðastál, hafa víða látið á sjá og þegar eru dæmi þess að húseigendur hafi tekið slíkar klæðningar af húsum sínum, gert við múrskemmdir og málað húsin. Samráðsnefnd telur nauðsynlegt að settar verði fram tillögur að stefnumótum um klæðningar húsa í deiliskipulagi skráningarsvæðisins. Við gildismatið var að öðru leyti stuðst við eftirfarandi skilgreiningu í *Leiðbeiningum um gerð bæja- og húsakannana*:

- Við mat á gildi húss frá sjónarmiði byggingarlistar er lögð áhersla á hlutföll, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt samspili forms, efnismeðferðar og notagildis. Einnig er metið hvort byggingin sé í eðli sínu og út frá staðsetningu gott, miðlungi gott eða óheppilegt dæmi um þá byggingargerð sem hún flokkast í. Þetta mat tekur jafnt til hefðbundinna húsa og þeirra sem teiknuð eru af arkitektum eða öðrum hönnuðum. Matið er miðað við útlit hússins nú, og skal lagt mat á hugsanlegar breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu. Gildi hússins vegna staðbundinnar byggingarhefðar eða gerðar og handverks er metið. Einnig er tekin afstaða til þess hvort fá dæmi séu til um þá byggingargerð sem húsið telst til. Lagt er mat á hvort í húsinu séu dæmi um tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við þann tíma sem húsið er byggt á.

- Við mat á menningarsögulegu gildi byggingar er tekin afstaða til þess hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu eða það standi á sögufrægum stað. Einnig er mikilvægi húss metið eftir því hvort það sé nánast eina byggingin á svæði, þar sem áður fyrr var nokkur byggð, og sé til vitnis um þá byggð og líf sem þar var. Gildi hússins er einnig metið eftir sérstæðri upphaflegri notkun þess t.d. vegna atvinnuhátta sem nú eru aflagðir eða hafa breyst verulega.

- Umhverfisgildi húsa er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götumynd eða hverfi. Einnig er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki.

- Við mat á uppruna húss er athugað á hvern hátt upprunaleg gerð þess hefur varðveist og metið er hvernig tekist hefur til með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar. Einnig er lagt mat á hvernig tekist hefur til með breytingar á húsinu, ef þær hafa verið gerðar, og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins. Upplýsingar um mikilvægar breytingar og t.d. gamlar ljósmyndir, sem fram hafa komið í frumathugun, eru færðar í reit nr. 56. Hugað er að því hvort samsvörun sé á milli þess sem byggt var og er sjáanlegt í dag og húsið þannig til vitnis um þá verkmenningu sem rikjandi var á byggingartíma þess.

- Við mat á tæknilegu ástandi húss er aðgætt hvort því er haldið vel við og enn fremur lagt mat á almennt tæknilegt ástand þess.

- Endanlega er varðveislugildi húss metið eftir öllum þeim gildum sem áður hafa verið metin. Þó er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að mat á varðveislugildi hússins er ekki meðaltal þeirra gilda sem gefin hafa verið áður. Gildi hússins frá sjónarmiði byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vegur þyngst þegar varðveislugildi þess er metið.⁸⁵

Varðveisluflokkar

Eins og áður segir er húsum skipt í þrjá varðveisluflokka eftir varðveislugildi þeirra, þ.e. hús með hátt varðveislugildi (1–3), hús með miðlungs varðveislugildi (4–6) og hús með lágt varðveislugildi (7–9). Þá er friðuðum húsum skipað í sérstakan flokk. Hér eru birt dæmi um hús í hverjum flokki um sig.



Akranes Kirkja við Skólabraut byggð 1895-1896. Hönnuður Guðmundur Jakobsson forsmiður.

Friðuð hús

Á Akranesi er, enn sem komið er, aðeins eitt friðuð hús en það er Akranes Kirkja sem byggð var 1896, hönnuð og smíðuð af Guðmundi Jakobssyni forsmið. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Varðveislumat

Byggingarlist: 1. Heilstæð byggingarlist og vel útfærð bygging sinnar gerðar.

Menningarsaga: 1. Sóknarkirkja, umgjörð trúarlífs Skagamanna.

Umhverfi: 1. Kennileiti í bæjarmynd og mikilvæg í götumynd.

Upprunaleiki: 3. Húsið lengt, gluggabreyting og innri breytingar, þær þó vel gerðar og í anda hússins.

Tæknilegt ástand: 1. Í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi: 1. Vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.



Háteigur 1, byggt 1948. Hönnuður Brynjólfur Kjartansson.

Hátt varðveislugildi (1–3)

Varðveislugildið 1 fengu 16 hús að meðtalinni Akraneskirkju, varðveislugildið 2 fengu 114 hús og varðveislugildið 3 fengu 297 hús. Í varðveisluflokkum 1–3 eru 427 hús.

Varðveislumat

Byggingarlist: 2. Hús í góðum hlutföllum og vandað að útfærslu og viðhaldi.

Menningarsaga: 4. Íbúðarhús.

Umhverfi: 2. Mikilvægt í umhverfi, lokar sjónrætt Bakkatúni til suðurs.

Upprunaleiki: 2. Lítið breytt hús, gluggar endurnýjaðir í upprunalegu útliti.

Tæknilegt ástand: 1. Í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi: 2. Vegna byggingarlistar, upprunaleika og umhverfis.



Akurgerði 13, Austurvellir, byggt 1910.

Miðlungs varðveislugildi (4–6)

Varðveislugildið 4 fengu 112 hús, varðveislugildið 5 fengu 34 hús og varðveislugildið 6 fengu 6 hús. Í varðveisluflokkum 4–6 eru 152 hús.

Varðveislumat

Byggingarlist: 6. Hús í óálitlegum hlutföllum og mikið breytt.

Menningarsaga: 4. Íbúðarhús.

Umhverfi: 4. Stundur á horni Akurgerðis og Heiðargerðis nærri tveimur öðrum mjög óálitlegum húsum.

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt.

Tæknilegt ástand: 6. Líkast til í slæmu ástandi eftir sprungum í veggjum að dæma.

Varðveislugildi: 5. Breytingar, byggingarlist og ástand hússins draga verulega úr varðveislugildinu.



Heiðarbraut 47, byggt 1953. Hönnuður Bárður Ísleifsson arkitekt.

Lágt varðveislugildi (7–9)

Varðveislugildið 7 fengu 3 hús en ekkert hús fékk varðveislugildið 8 eða 9.

Varðveislumat

Byggingarlist: 7. Listgildi takmarkað eftir viðbyggingar og breytingar.

Menningarsaga: 4. Íbúðarhús.

Umhverfi: 7. Hús á hornlóð en vegna breytinga fer það ekki vel í umhverfi sínu.

Upprunaleiki: 7. Mikið breytt með viðbyggingum og klæðningu.

Tæknilegt ástand: 6. Farið að láta á sjá.

Varðveislugildi: 7. Hefur ekki sérstakt varðveislugildi.

Kort yfir varðveislugildi og varðveisluflokka

Á næstu síðum eru sýnd frekari dæmi um varðveislugildi húsa ásamt ljósmyndum af þeim og kortum sem sýna varðveislugildi nálæggra húsa. Í lok kaflans eru kort sem sýna annars vegar varðveislugildi hvers húss fyrir sig (kort 8) og hins vegar kort sem sýnir varðveisluflokkana þrjá (kort 12). Í Viðauka eru kort sem sýna nánar varðveislugildi og varðveisluflokka.

Akratorg



Akratorg. Skólabraut 35 og 35A. Varðveislugildi beggja húsa 2.



Akratorg.



Akratorg. Suðurgata 57. Varðveislugildið 1.

Kirkjubraut



Kirkjubraut 3 fjær varðveislugildið 2 og nær Kirkjubraut 5 varðveislugildið 3.



Kirkjubraut við gatnamót Akurgerðis.



Kirkjubraut 8 t.v. varðveislugildið 2 og fyrir nr. 10 er varðveislugildið 3, séð frá Skrúðgardinum.

Vesturgata



*Vesturgata 45 varðveislugildið 1.
Fjær t.h. er Deildartún 3 varðveislugildið 2.*


Sunnubraut



Sunnubraut 13 varðveislugildið 2.



Gatnamót Vesturgötu, Deildartúns og Melteigs.




Gatnamót Sunnubrautar og Merkigerðis.



*Vesturgata 48 og fjær t.v. Vesturgata 52.
Varðveislugildi beggja húsa er 4.*



Sunnubraut 17 varðveislugildið 5.



Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2008.

Varðveislumat húsa.


Varðveislugildi 1 - 9 (samsett kort 0, 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7).

Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt FAÍ.

Kort 8. Dags: 29.12.2008. Kvarði: 1: 10 000 (A4).

Akraneskaupstaður. Skipulags- og umhverfisstofa.

Kortagrunnur Ísgraf ehf.



Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2008.

Varðveisluflokkar I, II og III.

Varðveislugildi 1 - 3, 4 - 6 og 7 - 9.

Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt FAÍ.

Kort 12. Dags: 29.12.2008. Kvarði: 1: 10 000 (A4).

Akraneskaupstaður. Skipulags- og umhverfisstofa.

Kortagrunnur Ísgraf ehf.

Niðurstöður

Sérkenni byggðarinnar

Byggðin á Skipaskaga og þróun hennar er um margt sérstök. Helstu götur á Skaganum eru götuslóðar frá fyrri tíð sem festir voru í sessi með aðalskipulagi Akraness árið 1927. Eignarhald lands, nýting og stærð lóða fyrrum hafði mikil áhrif á þróun byggðarinnar. Löndum og lóðum var skipt í minni einingar og byggt á þeim og síðar kom að endurnýjun elstu húsanna. Hefur Skipaskagi verið í stöðugri uppbyggingu alla síðustu öld og má jafnvel halda því fram að núna fyrst sé uppbyggingu á Skipaskaga um það bil að ljúka. Annað tímabil er hins vegar að byrja: Tímabil viðhalds húsa og umhverfis þeirra.

Gatnakerfið og fjölbreytilegar húsagerðir eru helstu sérkenni Skipaskaga og ekki síst nálægð byggðarinnar við hafði á þrjá vegu. Umhverfið sem þessir þættir mynda eiga sér vart hliðstæðu í íslenskum bæjum og því er mikilvægt fyrir Skagamenn að slá skjaldborg um þessi gæði og hlúa að þeim.

Eins og bent hefur verið á í könnuninni hér að framan þá eru margvísleg gæði í einstökum húsum, samstæðum þeirra, götumyndum, göturýmum og yfirbragði byggðarinnar. Þessi gæði þarf hins vegar að styrkja á margvíslegan hátt en grunnurinn er til staðar og hann er traustur.

Það sem í fljótu bragði stingur í augun þegar litið er yfir byggðina á Skipaskaga er fjölbreytileiki í húsagerðum sem á stundum er nánast ósamstæður. En þegar grannt er skoðað og litið er á húsin, einstakar götumyndir og göturými í ljósi þróunarsögu byggðarinnar og byggingarsögu Akraness og þess umhverfis sem þau mynda fæst önnur og öllu heilstæðari sýn. Þá verður fjölbreytileikinn kostur en ekki galli.

En ekki verður litið fram hjá því að útlit sumra húsa er í raun þannig að vart verður við unað. Hér er átt við frekar lélegt ástand ytra byrðis margra húsa auk þess að listgildi of margra húsa hefur sett niður með slægum lausnum þegar að viðhaldi þeirra kom.

Í þessu samhengi verður sérstaklega bent á klæðningar steinsteyptra húsa sem margar hverjar eru farnar að láta á sjá, litaval húsa og breytingar á gluggum. Breytingar hafa einnig í sumum tilvikum dregið verulega úr listgildi margra húsa og á það jafnt við um glugga, kvisti og viðbyggingar.

Þá verður ekki komist hjá því að minnst á frágang lóða, girðingar og aðra afmörkun þeirra og einnig tilhneigingu sem vart hefur verið og felst í því að forgörðum húsa er breytt í bílastæði. Gengur þetta svo langt að við mörg yngstu húsin á Skipaskaga eru steinsteyptir forgarðar sem notaðir eru fyrir bílastæði og fljóta þar saman steipt yfirborð götu, gangstéttar og forgarðs. Í öðrum tilvikum hefur forgörðum að hluta til eða í heild sinni verið breytt í malarborin bílastæði.

Þessar breytingar geta hafa í för með sér að trjágróður viki og ásýnd götumynda verði fátæklegri fyrir vikið. Fyrrum voru Akurnesingar þekktir fyrir kartöflurækt sína. Og á Skipaskaga eru vissulega dæmi um garða sem sýna að vel er hægt að rækta annað en kartöflur og trjágróður getur þrifist vel og myndað nauðsynlegt skjól fyrir annan gróður og ekki síst fyrir Skagamenn sjálfa.

Heildaryfirbragð byggðarinnar á Skipaskaga hefur orðið til á löngum tíma og á sér ýmsar útskýringar bæði í staðháttum og sögu. Byggðin býr yfir mörgum kostum sem leitast hefur verið við að benda á hér að framan en þá má gera jafnvel enn betri og augljósari með markvissum aðgerðum.

Tillögur að hverfisvernd

Á meðfylgjandi húsverndarkorti eru sýndar tillögur að hverfisvernd byggðarinnar á skráningarsvæðinu sem unnar eru eftir niðurstöðum varðveislumats einstakra húsa. Tillagan tekur mið af *Leiðbeiningum um byggða- og húsakannanir* sem aðgengilegar eru á heimasíðu Húsafriðunarnefndar, www.husafriðun.is. Á húsverndarkortinu eru skilgreindir eftirfarandi verndarflokkar:

- *Friðuð hús*, hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918 auk húsa sem friðuð eru af menntamálaráðherra, auðkennd með bláum lit (Pantone 286 C).
- *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með rauðum lit (Pantone 185 C).
- *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegra sérstöðu þeirra, auðkennd með gulum lit (Pantone 102 C).



- Friðað hús.
- Einstök hús, húsaðir og götumyndir.
- Samstæður húsa og heildir.

Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2008

Tillaga að hverfisvernd
 Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt FAÍ.
 Kort 24. Dags: 09.11.2009. Kvarði: 1:10 000 (A4)
 Akraneskaupstaður. Skipulags- og umhverfisstofa.
 Kortagrunnur Ísgraf ehf.

Á skráningarsvæðinu er aðeins Akraneskirkja friðuð eins og áður hefur komið fram.

Hverfisvernd – rauður flokkur

Tillaga að hverfisvernd *Einstakra húsa, húsaræða og götumynda*, rauður flokkur, hefur það að markmiði að vernda þau hús sem hafa sérstaklega mikið gildi fyrir Akranes. Í þessum flokki eru annars vegar hús sem hafa mikið byggingarlistarlegt gildi en jafnframt mikið gildi sem hluti húsaræða eða götumynda og hins vegar hús með mikið gildi fyrir byggingarlist og menningarsögu. Eins og komið hefur fram hér að framan er viðhaldi margra húsa á Akranesi ábótavant og mörgum húsum hefur verið breytt á óæskilegan hátt. Það hefur dregið úr heildarmynd skráningarsvæðisins, götumynda og einstakra húsa. Með markvissum aðgerðum er unnt að nýta reynslu af byggingarlistarlegum og tæknilegar lausnum í viðhaldi hverfisverndarhúsanna við viðhald og lagfæringar á öðrum nálægum húsum. Hér getur bæði verið um að ræða hús sem lagt er til að hverfisvernda í flokknum *Samstæður húsa og heildir* og hús sem ekki njóta hverfisverndar við.

Hús í rauðum flokki sem lagt er til að hverfisvernda vegna góðrar byggingarlistar eru meðal annarra húsin nærri gatnamótum Vesturgötu og Deildartúns. Þetta eru húsin nr. 37, 40, 41, 43, 45, 46, og 47 við Vesturgötu – þó svo að húsið nr. 46 þarfnist verulegra aðgerða til að endurheimta fyrri reisu – og nr. 2, 3 og 4 við Deildartún. Hvert þessara húsa er prýðilegt dæmi um góða byggingarlist en þau eru ósamstæð hvað varðar stílbrigði og efnisval en svipuð að stærð og staðsetning þeirra gagnvart götu styrkir göturýmið.

Hús sem lagt er til að hverfisvernda vegna mikilvægis fyrir götumynd eru t.d. húsin við Vesturgötu á milli Skólabrautar og Merkigerðis. Þetta er húsin nr. 57, 59, 63, 69, 73, 74, 76, 77, 78B, 85, 87, 90, 93, 95, 98, 101 og 103. Flest þessara húsa standa úti við götuna og þrengja göturými Vesturgötu. Þau eru byggð úr timbri en önnur áþekk að formi eru úr steinsteypu og þá eru hér fáein fúnkishús sem eru vel staðsett nærri gatnamótum og eru góð dæmi um hús þessarar stílgerðar.

Hús sem lagt er til að hverfisvernda í rauðum flokki vegna mikilvægis þeirra fyrir stærri heildir samstæðra húsa í gulum flokki eru t.d. við Vesturgötu 146, Brekkubraut 1 og Háholt 1, 3 og 5.

Sem dæmi um hús í rauðum flokki sem hafa mikið gildi fyrir byggingarlist og menningarsögu má nefna vörugeymsluhús Thors Jensens frá 1895 og í sömu húsasamstæðu vaskhús Haraldar

Böðvarssonar frá 1916, Bíóhöllina við Vesturgötu, gamla iðnskólann og safnaðarheimilið Vinaminni við Skólabraut, Melbæ við Heiðarbraut 21 frá 1895 og verkamannabústaðina við Suðurgötu 119-121, Sunnubraut 14-16 og 22-24 og við Háholt 29-31.

Hverfisvernd – gulur flokkur

Tillaga að hverfisvernd í gulum flokki *Samstæður húsa og heildir*, hefur það að markmiði að vernda yfirbragð byggðar, ásýnd stærri heilda þar sem lítið er fyrst og fremst til götumyndar og heildarsvips byggðarinnar. Þessar heildir eru einkum á Efri-Skaga nærri afmörkun skráningarsvæðisins næst Stillholti en samstæður húsa eru á Neðri-Skaga.

Í flestum tilvikum er lagt til að einstök hús verði hverfisvernduð í rauðum flokki innan heilda sem annars eru vernduð í gulum flokki. Er það gert til þess að draga sérstaklega fram þau hús sem bera af hvað varðar byggingarlist og/eða viðhald. Þau geta síðan orðið fyrirmynd við stefnumörkun í deiliskipulagi um viðhald húsa í gulum flokki og einnig annarra húsa svipaðrar gerðar utan hverfisverndarsvæða.

Sem dæmi um hverfisvernd í gulum flokki má nefna smáíbúðahúsin við Brekkubraut, Heiðarbraut og Stillholt. Þetta eru húsin við Brekkubraut 2-11 og 13, Heiðarbraut 49, 51 og 55 og Stillholt 4, 6, 8 og 10.

Á Neðri-Skaga er gerð tillaga um hverfisvernd í gulum flokki er nái til samstæðra fúnkishúsa við Vítateig nr. 1, 3, 5 og 7 og Sóleyjargötu nr. 12. Mörg þessara húsa þarfnast endurskoðunar á viðhaldi. Sama á við um hús á reitnum sem afmarkast af Vesturgötu, Bárugötu og Háteig.

Eitt mikilvægasta verkefni bæjaryfirvalda og húseiganda er að móta stefnu um viðhald húsa og frágang lóða, setja markmið og benda á viðeigandi lausnir. Slíkt má gera í góðri samvinnu opinberra aðila og húseiganda eða jafnvel í gegnum hagsmunafélög þeirra. Markmiðin yrðu síðan útfærð nánar og sett fram í deiliskipulagi hvers svæðis fyrir sig.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt FAÍ

Viðaukar

Kort



0 m 100 m 200 m 300 m 400 m 500 m
|-----|-----|-----|-----|-----|



■ Friðað hús.

Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2008.


Friðað hús samkvæmt lögum um húsafríðun nr. 104 2001.

Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt FAÍ.

Kort 0.1. Dags: 29.12.2008. Kvarði: 1: 10 000 (A4).

Akraneskaupstaður. Skipulags- og umhverfisstofa.

Kortagrunnur Ísgraf ehf.



Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2008.


Varðveislumat húsa. Varðveislugildi 1.

Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt FAÍ.

Kort 1. Dags: 29.12.2008. Kvarði: 1: 10 000 (A4).

